

Morgunblaðið

200
MÍLUR





Morgunblaðið/Porgeir

Smærri og meðalstórum útgerðum ekki ætlað að lifa

Ekki hefur farið fram hjá neinum að ríkisstjórn Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Flokks fólksins hefur tilkynnt um áform um að tryggja öllum strandveiðibátum 48 veiðidaga.

Ekki liggur fyrir hversu miklum aflaheimildum þurfi að ráðstafa til veiðanna til að það gangi upp, en talað hefur verið um á bilinu fjögur til fimmtán þúsund tonna þorskvóta til viðbótar við þau ellefu þúsund sem veiðarnar fengu á síðasta ári.

Ríkisstjórnin hefur einnig boðið að innheimta eigi „réttlát auðlindagjöld“ og hafa flokkar vísað

til auðlindarentu á bilinu 50 til 80 milljarðar króna. Á síðasta ári voru greiddir 5,6 milljarðar króna í veiðigjöld af þorski, rúmlega 40% meira en árið 2023 og það þrátt fyrir að þorskvótinn hafi ekki aukist nema um þúsund tonn milli ára í 221 þúsund tonn.


Ef rýnt er í hverjir það eru sem greiða mestu veiðigjöldin kemur í ljós að 23 útgerðir greiddu 75% þeirra tæplega 11 milljarða sem innheimtir voru í veiðigjöld á síðasta ári. Á sama tíma greiddu 773, af 918 útgerðum sem greiddu veiðigjald, innan við milljón. Vert er að geta þess

að í fyrra var gefinn 40% afsláttur af fyrstu 8,5 milljónunum og þurfti því að landa 440 tonnum af þorski til að ná afsláttarþakinu.

Á sama tíma og ætlast er til þess að sjávarútvegurinn skili meiru í ríkissjóð í formi veiðigjalda er ákveðið að auka hlut strandveiðibáta í þeirri tegund sem skilar mestum veiðigjöldum. Það þýðir að stærra hlutfalli þorsks verður úthlutað til báta sem landa afla á fullum afslætti veiðigjalda. Það þarf því að auka álögur á aðra til að ná að innheimta það veiðigjald sem annars myndi skila sér í ríkissjóð.

Um síðastliðin áramót hækkaði veiðigjald á þorsk um 39% í 26,66 krónur á kíló. Hversu mikið meira ríkisstjórnin hyggst hækka gjaldið er óljóst, en ljóst er að búi útgerð ekki yfir virðisaukanum sem skapast við landvinnslu getur hún vart staðið undir þeim gjöldum sem á hana eru lögð. Stefna ríkisstjórnarinnar virðist því að óbreyttu vera að á Íslandi verði fá mjög stór útgerðarfyrirtæki og svo fullt af strandveiðibátum sem sækja afla aðeins 48 daga á ári. Smærri og meðalstórum útgerðum er ekki ætlað að lifa. gso@mbl.is

08.02.2025



4

Eigi lesendur erindi í matvöruverslun í Evrópu gætu þeir rekið upp stór augu þegar þeir sjá reyktan lax frá Noregi og Skotlandi merktan „The Icelander“



14-18

Alþjóðastjórnsmálin hafa áhrif á viðskiptaumhverfi sjávararufða.



10 og 12-13

Beitt er fjölmörgum nýstárlegum lausnum í baráttunni gegn laxa- og fiskilús. Ekki er ljóst hversu mikil áhrif lús í sjókvældi hefur áhrif á villta laxfiska.



6

Ekki er ástæða til að hafa áhyggjur af loðnustofninum en margt bendir til að framleiðni hans hafi minnkað.



20

Magdalena Tatala kom til Íslands fyrir hálfgerða tilviljun. Hún er lukkuleg með nýja starfið hjá Arctic Fish og lífið er gott á Þingeyri.



Útgefandi
Árvakur

Umsjón
Gunnlaugur Snær Ólafsson
gso@mbl.is

Blaðamenn

Gunnlaugur Snær Ólafsson
gso@mbl.is
Ásgeir Ingvarsson
ai@mbl.is

Auglýsingar

Bjarni Ólafur Guðmundsson
bog@mbl.is

Forsíðumyndina tók
Hafþór Hreiðarsson

Prentun
Landsprent ehf.



www.hd.is

Ykkar þarfir er okkar drifkraftur

HD hefur ávallt haft sterka tengingu við íslenskan sjávarútveg. Endurnýjun og tæknivæðing fiskiskipaflotans undanfarin ár kallar á fjölbreyttari viðhaldsþjónustu en áður. Þjónustu í landlegu þarf að undirbúa vel og nú sem fyrr hefur HD búnað, varahluti og starfsfólk til reiðu svo stutt stopp nýtist sem best.



Margir vilja tengja sig við jákvæða ímynd Íslands

Reglulega koma upp mál þar sem erlend fyrirtæki kenna sig við Ísland. Á Ítalíu er t.d. starfandi félag sem selur reyktan lax sem merktur er „The Icelander“ þó að varan sé ekki íslensk.


Ásgeir Ingvarsson
ai@mbl.is

Eigi lesendur erindi í matvöruverslun í Evrópu gætu þeir rekið upp stór augu þegar þeir sjá reyktan lax frá Noregi og Skotlandi merktan „The Icelander“. Um er að ræða vörumerki ítalsks félags með skrifstofur víðs vegar um Evrópu og selur fyrirtækið aðallega reyktan lax, og þá einkum norskan þó að líka megi finna íslenskan lax í vöruúrvalinu.

Sigríður Ragnarsdóttir er framkvæmdastjóri Icelandic Trademark Holding ehf. (ITH), sem er eigandi vörumerkjanna „Icelandic“ og „Icelandic Seafood“. ITH er í eigu íslenska ríkisins en Íslandsstofa hefur umsjón með daglegum rekstri félagsins og er það stefna ITH að auka verðmæti og auðvelda markaðsaðgengi íslenskra sjávarafurða auk þess að standa vörð um Icelandic-vörumerkin.

Sigríður segir að „The Icelander“ hafi komið á borð félagsins við vöktun á vörumerkjum þess, en meðan beðið er eftir lokaniðurstöðu í áralangri deilu við bresku verslanakeðjuna Iceland Foods Ltd. eru ITH og aðrir íslenskir aðilar í þröngri stöðu þegar kemur að andmælum á skráningum í Evrópu sem tengjast landaheitiinu Íslandi/Iceland.

Sigríður segir það sýna vel hve sterka stöðu Ísland og íslenskar vörur hafa í huga neytenda að fyrirtæki með litla sem enga tengingu við Ísland freisti þess að kenna sig við landið. „En jákvæðri ímynd fylgir að úr ýmsum áttum



Sigríður Ragnarsdóttir segir mikil verðmæti fólgin í sterku orðspori þjóða og víða um heim tengi kaupendur sjávarafurða Icelandic-vörumerkið við gæði sem þeir séu tilbúnir að borga hærra verð fyrir.

Morgunblaðið/Karítas



Pakkning félagsins The Icelander. Innihaldið kemur frá Noregi.



AFP/Paul Ellis

er að henni sótt. Það er því afar mikilvægt að standa vörð um þau verðmæti sem felast í ímynd og orðspori Íslands. Þar leggur ITH sín lóð á vogarskálarnar við vörðstöðu um Icelandic-vörumerkin,“ segir hún.

„Til að skilja þessa þróun þurfum við að fara um 80 ár aftur í tímann, til þess tíma þegar vörumerkið „Icelandic“ varð til. Hraðfrystihúsin voru nýlega komin til sögunnar og störfuðu saman við að flytja íslenskar sjávarafurðir út til Bandaríkjanna en þeir sem stýrðu sölunni báru gæfu til að láta framleiðendur pakka fiskinum í umbúðir sem merktar voru „Icelandic“, sem varð á endanum að mjög þekktu vörumerki bæði í Bandaríkjunum og í Evrópu.“

Deilan við verslanakeðjuna Iceland hefur verið löng og ströng en á öllum stigum hefur verið úrskurðað gegn fyrirtækinu. Tvö eða þrjú ár vantar í lokaniðurstöðu.

Niurstaða í Iceland-deilunni í sjónmáli

Undanfarna áratugi hefur hróður Íslands breiðst víða og tekist hefur að skapa landinu mjög jákvætt orðspor. Er Ísland t.d. frægt fyrir hreinleika, fagra og óspillta náttúru og áhugaverða listsköpun, og hafa margir útflytjendur orðið þess varir að það hjálpar þeim í markaðsstarfinu að selja vöru eða þjónustu sem er upprunnin á Íslandi.

„Eftir eldgosid í Eyjafjallajökli sáum við aukningu á því að íslensk fyrirtæki reyndu markvisst að gera tenginguna við Ísland að lykilaríði í markaðssetningu sinni en þá rákust þau á óvænta hindrun og

gátu ekki fengið vörumerki skráð í Evrópu ef þau vísuðu til „Iceland“ út af breskri matvöruverslanakeðju með sama nafn,“ segir Sigríður.

Þetta leiddi til langdreginna málaferla, í svonefndum Iceland-málum, en eins og margir lesendur vita ákváðu íslensk stjórnvöld að fara í hart við bresku matvöruverslanakeðjuna. „Samningaviðræður báru engan árangur og var því ákveðið að láta reyna á málið fyrir skráningaryfirvöldum og hafa utanríkisráðuneytið, Samtök atvinnulífsins, Íslandsstofa og Icelandic Trademark Holding unnið að því í sameiningu að höfða mál til ógildingar á yfirráðum matvöruverslananna yfir vörumerkinu „Iceland“,“ útskýrir Sigríður. „Evrópska hugverkastofan úrskurðaði okkur í hag og það gerði fjölskipuð áfryjunarnefnd stofnunarinnar sömuleiðis, og áfram hefur deilan haldið upp dómskerfið og er núna beðið niðurstöðu úr mállutningi fyrir Almenna dómstól ESB sem fram fór í október sl. Almenni dómstóllinn er næstefsta dómstigið en Dómstóll Evrópusambandsins (e. Court of Justice) er hið æðsta. Ekki er því víst að endanlegur úrskurður liggja fyrir fyrr en eftir tvö til þrjú ár en breska verslanakeðjan situr fast við sinn keip,“ segir Sigríður.

Takist að fá skráningu breska fyrirtækisins hnekk myndi það færa íslensku atvinnulífi meiri tækifæri í Evrópu til að tengja vörumerki sín við landaheitið „Iceland“. Sigríður segir málið ekki endilega svo klippt og skorið því almenn alþjóðalög og almennir þjóðréttarlegir samningar nefna ekki sérstaklega rétt landa til þeirra eigin nafna og fylgjast önnur ríki vandlega með íslensku deilunni. „Ríkir hagsmunir eru í

húfi og við sjáum að margir eru að reyna að nýta sér jákvæða ímynd Íslands í hagnaðarskyni, án þess endilega að hafa sérstaka tengingu við landið.“

Ímynd lands er markaðstæki

Gott dæmi um hve sterkt markaðstæki ímynd þjóða getur verið sést mjög vel í Sviss og tengja margir landið við mikil gæði þegar kemur að framleiðslu á lyfjum, hátækniþúnaði, súkkulaði, ostum og auðvitað armbandsúrur af finustu og dýrustu gerð. „Þar er starfræktur samstarfsvettvangur í sameiginlegri eigu stjórnvalda og atvinnulífs sem hefur það hlutverk að leita uppi tilvik þar sem fyrirtæki kenna sig eða vöru sína ranglega við Sviss, og ef slík mál koma í ljós er gripið til aðgerða, m.a. í samvinnu við svissneska sendiráðið í viðkomandi landi.“

Vinnist málið gegn Iceland-verslunum munu Svisslendingsarnir geta sótt sín mál af enn meiri festu, og félag á borð við Icelandic Trademark Holding og önnur íslensk félag með tilvísun í landaheitið Ísland/Iceland í vörumerkjum sínum hafa betri grunn til að andmæla vörumerkjaskráningum í Evrópu sem vilja kenna sig ranglega við Ísland. Sigríður segir að þá megi reikna með að vörumerki eins og „The Icelander“ lenti í sigtínum, en hún bætir við að á undanförunum mánuðum hefur – að frumkvæði tveggja ráðuneyta – verið starfandi héraðs samráðshópur opinberra aðila og fulltrúa Samtaka atvinnulífsins með þann tilgang að vinna tillögur að aðgerðum og stefnu varðandi hagsmunagæslu fyrir auðkennið Ísland/Iceland.

„Það eru hugverkastofur hvers lands sem meta skráningarháfi merkja og geta reglur og viðmið verið breytileg á milli svæða. Margt kemur þar við sögu, s.s. hvort vörumerki er nægilega sérkennandi eða of almennt, og hvort vörumerki er ruglingslega líkt merki sem tilheyrir öðrum, en við höfum einmitt séð alls konar útfærslur á merkjum sem eiga að hafa vísan til Íslands,“ segir Sigríður. „Eitt nýlegt mál snýr að félagi á Spáni sem notar merkið Icelandicium og er það til skoðunar. Icelandic Trademark Holding nýtir þjónustu sérhæfðs aðila á sviði hugverkarréttar, ráðgjafarfyrirtækisins Árnason Faktori, í tengslum við vöktun á nýjum umsóknum vörumerkja í flokkum sem tengjast sjávarfangi og notkun vörumerkja sem gætu stangast á við Icelandic-vörumerkin.“

Standi vörð um auðkennið Ísland

Sigríður tekur undir að það sé á vissan hátt jákvætt merki að erlend fyrirtæki skuli endilega vilja tengja sig við Ísland, enda sé það til marks um það hve sterkt orðspor Íslands er orðið. „Þetta sést ekki hvað síst á sviði sjávarafurða og þegar alþjóðlegar sjávarafurðagæslur eru heimsóttar er áberandi hve margir sýnendur vilja tengja sig við Ísland með einum eða öðrum hætti,“ segir hún. „Um leið minnst þetta okkur á hve áriðandi það er að standa vörð um auðkennið Ísland.“

Segir hún það skipta sköpum að hið opinbera og íslenskt atvinnulíf sameinist um að standa vörð um landaheitið Ísland/Iceland. „Á ársfundi Íslandsstofu árið 2024 var Simon nokkur Anholt einn gesta og flutti þar lykilaávarp. Anholt er leiðandi fræðimaður á sviði þjóðarvörumerkja og upphafsmaður svokallaðrar vísitölu þjóðarvörumerkja (e. Nation Brand Index, NBI) sem metur styrk þeirra. Þar kom vel fram hvað orðsporið hefur mikið að segja um efnahag þjóða og stöðu þeirra í heiminum.“

Á markaðinum fyrir sjávarafurðir fer ávinningurinn ekki á milli mála, að sögn Sigríðar: „Þar eru kaupendur fyrir löngu búnir að tengja Icelandic-vörumerkið við gæði og er um að ræða „premium“-merki sem réttlætir að greiða hærra verð fyrir vöruna.“

VOGIR

ELTAK sérhæfir sig í sölu og þjónustu á vogum



Þjóðum MESTA úrval á Íslandi af smáum og stórum vogum



Hlíðasmára 14 | S: 588 2122
www.eltak.is

Við stuðlum að verðmætasköpun í íslenskum sjávarútvegi

HRADFRYSTIHUSID-GUNNVOR HF.



Umbúðir og pökkun eru okkar fag

Umbúðir og vélalausnir fyrir þína framleiðslu

Kassar - Öskjur - Rekstrarvörur - Pokar - Límmiðar
Tröllakassar - Ferskfiskkassar - Milliarkir - límband
Framleiðsluvélar / Viðhald og margt fleira.



samentir.is - sala@samentir.is - 575 8000

Samhentir

Framleiðni loðnustofnsins líklega minni

Fari svo að engar loðnuveiðar verði ráðlagðar þennan veturinn verður það í annað sinn á stuttum tíma sem loðnubrestur er tvö ár í röð. Það eru einu skiptin sem slíkt hefur gerst frá upphafi loðnuveiða Íslendinga á sjöunda áratug síðustu aldar. Enn er von um vesturgöngu, en sterk vísending er um minni framleiðni stofnsins.

Gunnlaugur Snær Ólafsson
gso@mbl.is

Útflutningsverðmæti loðnuafurða árin 2021 til 2023 námu rúmlega 108 milljörðum króna, þar af mest árið 2022 þegar útflutningsverðmætin námu 51,3 milljörðum króna. Loðnuvertið hefur víðtæk áhrif á hagkerfið allt, bæði í gegnum skattspor reksturs sjávarútvegsfyrirtækjanna og vegna tekna þeirra sem hafa beina og óbeina atvinnu af henni. Mátti til að mynda greina 9% samdrátt í atvinnutekjum í sjávarútvegi á fyrstu níu mánuðum ársins 2024 í samanburði við fyrstu níu mánuði 2023. Áhrifin voru mest áberandi á þeim svæðum þar sem loðnu er landað og hún unnin. Varð 21% samdráttur á Austurlandi og 19% á Suðurlandi. Minnkuðu atvinnutekjur af sjávarútvegi um 25% í Fjarðabyggð, um 28% í Vestmannaeyjum og 17% á Höfn í Hornafirði.

Það eru því verulegir hagsmunir í húfi, en vetrarmæling Hafrannsóknastofnunar gaf ekki tilefni til þess að breyta ráðgjöf stofnunarinnar um engar loðnuveiðar þennan veturinn. Framhaldsleit Polar Ammassak og Aðalsteins Jónssonar SU austur af landinu bætti ekki stöðuna heldur leiddu nákvæmari gögn til þess að stofnmatið minnkaði frá fyrri niðurstöðum.

Haldið verður til loðnuleitar á ný á mánudag.

Eiga enn von

„Já við erum nú ekki ánægð með stöðuna en viljum alls ekki gefa það upp á bátinn að það verði vertíð. Ljóst er að það þarf mun meiri vöktun á hafsvæðinu í kringum Ísland þar sem loðnan er að ganga



Páll Snorrason

Guðmundur J. Óskarsson

og það er gríðarlegt hafsvæði. Það þarf að leggja mun meiri áherslu á þessa vöktun og setja tíma og fjármuni í að fylgjast með hegðun loðnunnar og hvort það séu breytingar á göngumynstri. Það á að vera hlutverk Hafró,“ segir Páll Snorrason framkvæmdastjóri Eskju inntur álits á stöðunni.

Hefðbundið kemur loðnan frá hafinu norðvestur af Íslandi á hrygn-ingargöngu sinni með landinu til austurs áður en hún snýr til suðurs og syndir svo með suðurströndinni. Það kemur þó fyrir að svokölluð vesturganga eigi sér stað og kemur hún þá fyrst á miðin norðvestur af landinu. Páll kveðst binda vonir við að slík ganga sjáist í ár.


„Við höfum verið að sjá allskonar útgáfur af þessu á undanförunum árum og mjög líklegt að það komi einhver loðna inn að vestan sem hrygnir svo í Breiðafirði eða Faxaflóa en sú ganga hefur oft á tíðum ekki verið mæld á vetrarvertíð. Ef ekkert rannsóknarskip eða jafnvel veiðiskip er á ferðinni þegar eitt-hvað blossar upp þá fer það bara framhjá okkur því ef loðna er ekki mæld, þá er hún ekki til og þess vegna þarf vöktun á svæðinu.“

Hann segir ekki tilefni til að hafa áhyggjur af loðnustofninum. „Það er búið að mæla, bæði í haustmælingu og svo núna í þessari

Loðnuafli íslenskra fiskiskipa fiskveiðiárin '86/'87 til '24/'25*

Þúsundir tonna

Heimild: Hafrannsóknastofnun



yfirferð í janúar, nægilegt magn af hrygningarloðnu til að það muni ganga töluvert magn af loðnu til hrygningar. Það vantar hins vegar upp á til að hægt sé að leyfa veiðar, sem skiptir máli fyrir fyrirtækin, fólkið okkar, sveitarfélögin og ekki síst okkar viðskiptavinum erlendis og markaði.“

Verði niðurstaðan að engar loðnuveiðar verði heimilaðar þetta árið hefur það töluvert áhrif á rekstur Eskju að sögn Páls sem þó tekur fram að útgerðin hafi burði til að laga reksturinn að slíkri stöðu. Hann telur hins vegar að þörf sé á nýrri nálgun hvað loðnuna varðar.

„Ég er þeirrar skoðunar að það ætti að hugsa þetta upp á nýtt og leyfa alltaf einhverja lágmarksveiði til að vernda mikilvæga manneildismarkaði sem við höfum haft fyrir að byggja upp. Með því móti myndum við einnig fá mikilvægar upplýsingar um loðnuna frá veiðiskipum,“ útskýrir hann.

Minni framleiðni stofnsins

Guðmundur J. Óskarsson, sviðsstjóri uppsjársviðs Haf-

rannsóknastofnunar, segir ljóst að árlegur loðnuafli hafi verið mun minni eftir aldamót og það sama eigi við nýliðunarvísitöluna og stærð veiðistofnsins.

„Það er því sterk vísending um að framleiðni stofnsins er minni nú en áður. Þessar breytingar verða á svipuðum tíma og hlýnun á sér stað á fyrrverandi fæðuslóð stofnsins í Íslandshafi og á uppeldissvæði hans norður af Íslandi. Samfara hlýnuninni færðist fæðusvæði stofnsins í vestur að Austur-Grænlandi og norðar og uppeldissvæðin færðust að sama skapi að Austur-Grænlandi og suður með landgrunninu. Við eigum ekki svör við því hvað gæti valdið minni framleiðni stofnsins við þessar breytingar, en nokkrar mögulegar tilgátur hafa verið nefndar, svo sem að; fæðuskilyrði á nýju uppeldisslóð stofnsins séu lakari og meiri afföll á ungvíði; hlýnun sjávar á hrygningarslóðinni við Ísland og á lirlurekssvæðinu sé ekki eins ákjósanleg fyrir stofninn og valdi meiri afföllum á loðnu-eggjum og lirlfum en áður.“

Vitum við eitthvað um orsök þess að þessi loðnubrestsár koma?

„Til viðbótar við að framleiðnin sé minni en áður eru sifflar sveiflur í stærð stofnsins milli ára með meðal annars þeim afleiðingum að tíðni ára án veiða hefur verið hærri eftir aldamótin en fyrir. „Sveiflurnar stjórnast af breytileika á árgangastærð. Loðna er talin hrygna aðeins einu sinni á ævinni og hrygnir að stærstu leyti við þriggja ára aldur. Ef árgangar eru stórir þá höfum við séð hægari vöxt (vegna meiri þéttleika og samkeppni um fæðu) og að hærra hlutfall hrygni við fjöggra ára aldur. Þetta gerðist síðast með 2019-árganginum sem var stór og gaf góða veiði veturinn 2022 og svo aftur veturinn 2023. En að öllu jöfnu er einn árgangur ríkjandi í veiðinni og allt sveiflast með honum, þar með talið stærð veiðistofnsins hverju sinni, ráðgjöf Hafró og að stóru leyti líka það magn af loðnu sem afræningjar hafa til að éta (þar með talið þorskur og hvalur).

Sveiflur í árgangastærð

„Stóra spurningin er hvað veldur þessum sveiflum í árgangastærð í loðnustofninum sem og öðrum fiskistofnum? Þetta er spurning sem fiskifræðingar um allan heim eru að glíma við en við höfum jafnan ekki einhlít svör við. Sveiflurnar eru örugglega tilkominar vegna samáhrifa margra ólíkra þátta, þar með talið fjölda fiska sem hrygna, hvar hrygningin á sér stað, hvenær og yfir hve langt tímabil hrygningin á sér stað, umhverfisástand sem hafa áhrif á rek og lifun lirlfa, líkamlegt ástand hrygna (getur haft áhrif á hrygningarstað og eggjastærð), hvar lirlfur enda, fæðuskilyrði ungvíðis og magn afræningja. Við höfum ekki svar við þessari spurningu fyrir loðnu en höfum séð ýmsar tilhneigingar og vísendingar sem þarf að rannsaka betur, t.d. ár með engum veiðum en litlum hrygningarsstofni hafa jafnan skilað ágætis árgöngum; lirlfurek frá loðnuhrygningu norðan við land skilar sér að litlu leyti inn á meginuppeldissvæði stofnsins og meira inn á óhagstæð svæði fyrir norðaustan og austan land.“

Guðmundur segir að lítið sé hægt að fullyrða um hver þróunin verði á komandi árum enda fjöldi breytna sem geta haft áhrif þar á. Þá sé „aukin tíðni loðnubrestsára eftir aldamót tilkomin vegna þess að stærð veiðistofnsins er að sveiflast í kringum lægra meðaltal en áður, og líkurnar á að fara niður fyrir þann lífmassa sem gefur engar veiðar þegar aflareglu er fylgt eru meiri fyrir vikið. Hins vegar er ekki að sjá einhverja leitni í ákveðna átt síðustu tvo áratugi.“

MULTIVAC

Alhliða pökkunarlausnir

Multivac ehf
Draghálsí 18, 110 Reykjavík
Sími 554-2100 / sala@is.multivac.com / www.multivac.is

MULTIVAC

SKIPAPJÓNUSTA ÍSLANDS ehf.

Skipapjónusta Íslands ehf. var stofnað 7. júní 2001. Upphaflega byggðist starfsemin að mestu leyti á vörubílaakstri, kranapjónustu, vöktun og eftirliti í skipum. Í gegnum árin hefur starfsemin og tækjabúnaður aukist samhliða fjölbreyttum verkefnum. Skipapjónusta Íslands býður í dag upp á margbreytilega þjónustu og lausnir fyrir viðskiptavinum sína.



Skipavöktun

Skipapjónusta Íslands býður upp á vöktun um borði í skipum. Bæði mannaða vöktun og vöktun með öryggiskerfi.




Málningarvinna

Alhliða málningarvinna við skip. Ofandekks, síður, botn, lestar og millidekk. Nýsmíði birgðatankar og fleira í landi.



Háprýstipvottur

Háprýstidælur sem skila 100-1500 bar, hitapvottur og sandblástur.



Tankahreinsun

Oliutankar, vélarúmsbotnar, salernistankar, svelgir, lestar ásamt öllu öðru.



Dælubílar

Flutningur á úrgangsolíu og spilliefnum. Heitt vatn. Einnig er billinn góð viðbót við þá þjónustu sem Skipapjónusta Íslands býður uppá þegar kemur að tankahreinsun.



Kranabílar

Öll almenn vörubílavinna með og án krana. Höfum yfir ýmsum búnaði að ráða. Meðal annars búnaði til viraskipta, mannkörfu, krabba, sorpgám og fleira.



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Landað úr grænenskum togara á Skarfabakka. Viðtöl við stjórnendur íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja hafa m.a. leitt í ljós að þeir leggja núna vaxandi áherslu á að fjölga tekjustráum í rekstrinum.

Margt sem flækir stefnumótun í sjávarútvegi

Innri og ytri þættir búa til hindranir í rekstri íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja. Fyrirtækin í greininni eiga það öll sameiginlegt að stefnumótunin hjá þeim er sveigjanleg.

Ásgeir Ingvarsson
ai@mbl.is

Eins og lesendur vita hafa orðið hreint ótrúlegar breytingar á íslenskum sjávarútvegi á undanföllum fjórum áratugum. Mikil samþjöppun hefur átt sér stað og búið er að tæknivæða veiðar og vinnslu svo að rekstur útgerðarfélaganna er orðinn mun hagkvæmari en áður, verðmætasköpunin langtum meiri og hagnaður greinarnar ágætur.

Kristján Reykjálín Vigfússon hefur skoðað þessa þróun og freistað þess að greina stefnumótun og samkeppnishæfni íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja, og koma þannig auga á hvað hefur reynst best og líka hvaða hindranir greinin þarf að glíma við. Rannsóknir Kristjáns eru hluti af doktorsverkefni hans við Háskólann í Reykjavík og kynnti hann hluta af niðurstöðum sínum á



Kristján Reykjálín Vigfússon

Sjávarútvegsráðstefnunni í Hörpu í nóvember síðastliðnum.

Kristján fæddist á Dalvík og lék sjávarútvegurinn stórt hlutverk í lífi hans strax á uppvaxtarárum, en ungur að árum byrjaði hann að róa með afa sínum á trillu bæði á grásleppu og færi og fimmtán ára fór hann sinn fyrsta túr á togara. Hann segist lengi vel hafa tollað illa í skóla því sjómennskan kallaði og tók hann tvö ár bæði á ísfiski og frystingu.

Leiðin lá að lokum í Háskóla Íslands einmitt um það leyti sem verið var að endurskipuleggja íslenska fiskveiðikerfið. Þar skrifaði hann BA-ritgerð undir leiðsögn Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar, og fjallaði ritgerðin um hagkvæmni nýja kvótakerfisins, en síðar starfaði Kristján hjá samgönguráðuneytinu og sendiráði Íslands í Brussel. Hann tók síðar við stöðu aðstoðarsiglingamálastjóra en ákvað að vanda kvæði sínu í kross og byrjaði að kenna í Háskólanum í Reykjavík, þar sem hann hefur verið frá árinu 2006.

Aflinn minnkaði en verðmætið jókst

Kristján segir svo langt liðið frá því að kvótakerfinu var komið á að í

dag beri stundum á því að fólk þekki ekki þessa sögu nógu vel og of algengt sé að talað sé af vanþekkingu um hvað hefur áunnist í íslenskum sjávarútvegi. „Áður en kvótakerfið kom til sögunnar var togari í hverri einustu höfn og landvinnsla í hverju einasta þorpi hringinn í kringum landið. Um það bil 15.000 manns störfuðu í sjávarútvegi og um 1.500 skip voru að veiðum. Hagnaðurinn var lítil og óhagkvæmni einkenni veiðar og vinnslu og áherslan var öll á magn en ekki gæði. Má lýsa því þannig að menn hafi stundað ólympískar veiðar og vinnslan var tiltölulega frumstæð og afurðirnar voru annaðhvort frystar, saltaðar eða hertar. Markaðurinn tók endalaust við og tiltölulega auðvelt var að selja fiskinn en styrkleiki greinarnar var þó ekki meiri en svo að með reglulegu millibili þurfti að rétta hana við með stórum gengisfellingum,“ útskýrir Kristján. „Ég man eftir að í einni siglingunni sem ég fór í vorum við að landa 150 tonn af þorski á kájanum og fréttir bárust af 25% gengisfellingu að heiman. Við strákarnir hoppuðum hæð okkar í loft upp af gleði vegna launahækkunarinnar, en það var skammgóður vermir því á þessum árum náði verðbólgan allt að 120% suma mánuðina. Þetta var náttúrulega hryllilegt rekstrarumhverfi.“

Það gekk ekki þrautalaust fyrir sig að innleiða nýtt fiskveiðikerfi og bendir Kristján á að bæði hafi flotinn minnkað um helming og

störfum í greininni fækkað hlutfallslega jafnmikið. „Heildarþorskaflinn undanfarin ár er að öllu jöfnu í kringum 240.000 tonn, en var um tvöfalt meiri þegar mest lét. Nú er þorskaflinn að mestu veiddur af 40 togurum en þeir voru um 120 þegar mest var, og samt er útflutningsverðmætið meira en nokkru sinni, sjávarútvegsfyrirtækin arðbær og greinin mun stöðugri en hún var. Með breyttu fiskveiðikerfi urðu til nýir hvatar þar sem áherslan var á gæði og hagkvæmni í rekstri,“ segir Kristján en minnr jafnframt á að þó að hagkvæmni sé mikilvæg og hafi skilað miklu sé samt kveðið á um það í lögum um stjórn fiskveiða að tryggja skuli trausta atvinnu og byggð í landinu. „Ég reikna með að ríkisstjórnin nú sé að líta til þeirra sjónarmiða með breytingu á strandveiðum,“ segir hann.

Reynslumiklir stjórnendur

Kristján segir það skiljanlegt að fólk víða á landsbyggðinni sakni gamla tímans en hann nefnir sem dæmi að á Dalvík voru lengstum fjórir og stundum fimm togarar í rekstri, um og yfir tugir netabáta, eitt uppsjárarskip og tugir trilla og smábáta. „Hver kjaftur var á sjó og restin af Dalvíkinni vann í átta fiskvinnsluhúsum. Silfríð dreifðist einfaldlega á fleiri fjölskyldur og fleiri munna en nú, en silfurpotturinn var líka minni. Með þeirri samþjöppun sem kvótakerfið hefur stuðlað að hefur fyrirtækjunum tekist að koma

sér upp mikilvægu samkeppnisforski sem snýst m.a. um að reyna að hafa sem besta stjórn á allri virðisdeðjunni, allt frá veiðum og vinnslu til sölu- og markaðsstarfs.“

Kristján undirstríkar það sérstaklega að ekki megi gleyma að samkeppnisforski íslensks sjávarútvegs, eins og hann er rekinn í dag, byggir á samspili fyrirtækjanna – og síðan þeirri umgjörð sem stjórnvöld hafa mótað í kringum greinina. „Aðgangurinn að auðlindinni skiptir þar lykilhlut, sem og farsæl fiskveiðistjórnun sem hefur í flestum tilfellum fært okkur sjálfbæra fiskistofna. Síðast en ekki síst er það kvótakerfið sjálft með framsalsheimildum sem færir fyrirtækjunum gríðarleg verðmæti en einnig mikla ábyrgð,“ segir hann.

„Fyrirtækin hafa aftur á móti sýnt mikla seiglu, oft í erfiðu umhverfi, og byggt upp mikla rekstrarþekkingu og reynslu en að meðaltali er stjórnunarreynsla æstu stjórnenda stærstu fyrirtækjanna rúmlega 30 ár. Athyglisvert er að öll stærstu fyrirtækin segjast vilja vaxa og stækka með það að markmiði að byggja upp eigin vörumerki, auka vörubrún og nýsköpun og leggja aukna áherslu á sjálfbærni veiða og vinnslu sem og að efla sjálfbærni mynd afurða. Ef samkeppnisforski á að þróast enn frekar í þessa átt og jafnvel í auknum mæli inn í smásöluna þarf að gjörbreyta samsetningu vinnuafis, byggja upp nýja þekkingu, leita

MARPORT | PRO
NÝR HLERANEMI



Skannaðu kóðann fyrir nánari upplýsingar.



Morgunblaðið/Eggert

Við færbandið hjá Einhamri. Stjórnendur hafa viðráð áhyggjur af vöntun á fólki með þá menntun sem greinin þarf.

að nýjum samstarfsaðilum og læra á nýja markaði ef árangur á að nást því núverandi kerfi er að mestu byggt upp á sölu til heildsala og annarra milliliða.“

Sveigjanleg stefnumótun

Forvitnilegt er að skilja betur hvernig öll þessi þróun átti sér stað; hvernig sjávarútvegsfyrirtækin komust þangað sem þau eru komin og hvert þau stefna í framtíðinni. Rannsóknir Kristján hafa leitt í ljós að margt kemur þar við sögu en í viðtölum hans við stjórnendur hefur m.a. verið nefnt að vöntun á

starfsfólki með rétta menntun og sérþekkingu, sem og tæknilegar áskoranir, torveldi stefnumótun og innleiðingu breytinga. „Ytri hindranir koma líka við sögu og snúa t.d. að þætti stjórnvalda, breytingum á sköttum, gjöldum og aflaheimildum. Aðstæður á mörkuðum eru líka óvissu háðar og loks eru margir hagsmunaaðilar sem láta sig sjávarútveginn miklu varða sem hafa áhrif á greinina.“

Þegar vinnubrögð íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja eru skoðuð segir Kristján að öll stærstu félögin eigi það sameiginlegt að stefnumót-

unin er ekki niðurnjörvuð heldur sveigjanleg. „Fyrirtækin marka ekki einfaldlega stefnu og halda öllu óbreyttu næstu árin þar á eftir heldur á sér stað sífelld aðlögun. Ef nefna ætti eina grunnreglu er hún að stefnan fær að mótast í takt við aðstæður hverju sinni. Þegar vel árar eru tækifærin gripin, stöðirnar styrktar, fjárfest í nýjum skipum og félögin stækka við sig en þegar harðnar í ári hægja þau ferðina.“

Það er líka einkennandi fyrir öflugustu fyrirtækin í greininni að þau leggja ríka áherslu á að búa til nýja tekjustrauma og þá oft

með það fyrir augum að skapa ný verðmæti en geta líka mildað áhrifin af sveiflum í gengi, kvóta og veiðum. „Þetta birtist t.d. í aukinni áherslu á fiskeldi sem hjálpað getur þessum félögum að tryggja jafnara framboð, og tilraunum til að þróa vörur sem eru tilbúnar fyrir smásölu. Hefur þetta einmitt vantað í greinina og reksturinn hjá stöndugustu íslensku sjávarútvegsfyrirtækjunum verið mun einsleitari en hjá stærstu keppinautumum í löndum eins og Japan, Noregi, Kanada og Bandaríkjunum, sem eru ekki bara miklu stærri heldur með mun fjölbreyttari starfsemi og fleiri tekjustrauma.“

Fjölskylduhagsmunir stundum ráðið fór

Lesendum gæti komið á óvart að heyra að starfsmannamálin hafa verið nefnd sem ákveðinn þröskuldur við stefnumótun og segir Kristján að íslensku sjávarútvegsfyrirtæki séu í dag orðin mjög alþjóðlegir vinnustaðir og jafnvel tungumálum-úrarnir geti gert það flóknara að innleiða nýja stefnu eða gera aðrar breytingar. „Sjávarútvegsfyrirtækin hafa líka af því áhyggjur að ungt fólk með góða menntun hafi takmarkaðan áhuga á að starfa við sjávarútveg og sjái ekki öll þau góðu tækifæri sem búa þar eftir því. Ég sé þetta sjálfur í kennslunni en ég er venjulega með um 100 viðskiptafræðinemendur í bekknum mínum og spyr á hverju ári hvort þeir gætu hugsað sér að vinna í greininni. Yfirleitt er það ekki fleiri en einn nemandi sem réttir upp hönd,“ segir Kristján. „En við sjáum að greinin mun þurfa á æ sérhæfðara vinnuafla að halda til að stýra sífellt fullkonnari tækjábúnaði. Þætt menntastig snýr líka að því að greinin hafi á að skipa rétta fólkinu til að vinna að vörubrúun, markaðssetningu og sölumálum af auknum krafti og fagmennsku.“

Flækir það mannauðsmálin enn frekar að sum af stærstu fyrirtækj-

unum í greininni eru í grunninn fjölskyldufyrirtæki. Kristján segir þetta leiða til þess að sumar ákvarðanir við ráðningar stýrist meira af því að tryggja að fjölskyldumeðlimir hafi góða vinnu frekar en endilega að ráða hæfustu manneskjuna til verksins. Segir hann þetta vera að taka breytingum, m.a. vegna þess að æ fleiri sjávarútvegsfyrirtæki séu nú skráð á markað eða séu með áform um slíkt. „Tæknilega hliðin varðandi gagnasöfnun er líka oft nokkuð veikburða og ekki nógu vel haldið utan um og unnið úr þeim gögnum sem verða til í starfsemi. Þessu tengt er furðu algengt hjá þessum fyrirtækjum að breytingar á stefnu hafi sjaldnast haft nægilega skýra tengingu við fjárhagsáætlun félaganna.“

Hægt að skapa betri sátt

Það flækir síðan alla stefnumótun en meira hve sveiflukennd stjórn mála- og samfélagsumræðan getur verið og nefnir Kristján þar sem dæmi að varla hafi verið haldnar þær kosningar þar sem ekki hafi mátt finna flokka í framboði sem hafa viljað umturna kvótakerfinu með einum eða öðrum hætti. „Fyrirtækin búa við stöðuga pólitíska óvissu og þurfa oft að þola neikvæða umræðu sem dregur orku úr stjórnendum sem þurfa að hafa athyglina við hagsmunagæslu á meðan þeir gætu í staðinn nýtt tíma sinn í að efla reksturinn,“ segir Kristján. Hann telur hægt að koma á meiri og betri sátt um kvótakerfið en til þess þurfi a.m.k. tvennt að koma til: „Tryggja verður almannahagsmunir og hlutdeild þjóðarinnar í auðlindinni en að sama skapi að tryggja fyrirtækjunum meiri fyrirsjáanleika um fyrirkomulag sjávarútvegs til lengri tíma svo að dregið verði úr óvissu í kringum rekstur og afkomu greinarinnar. Ég tel að rekstraráðilar sjávarútvegsfyrirtækjanna væru til í að leggja mikið á sig til að slík sátt næðist.“

 MARÁS

Miðhrauni 13 - 210 Garðabæ
www.maras.is
S:555 6444

 **YANMAR**



Hjá okkur færðu eingöngu original rekjanlega Yanmar varahluti sem hægt er að treysta á.



Yanmar - Aðalvélar



Yanmar - Ljósavélar

Aðalvélar og rafstöðvar fyrir allar gerðir af skipum og bátum.



Gauti Geirsson segir megináherslu Háafells vera að fyrirbyggja lúsasmit svo að ekki þurfi að grípa til lyfjameðferðar.

Ljósmynd/Háafell



Með hátæknibúnaðinum frá Stingray Marine Solutions AS í Noregi er leysigeisli notaður til að eyða laxalús á fiski í sjókvíum og þannig komið í veg fyrir að hún fjölgi sér.

Mynd/Stingray

Áherslan á nýja tækni og fyrirbyggjandi aðgerðir

Háafell er mögulega það fiskeldisfyrirtæki sem hefur fjárfest hvað mest í fyrirbyggjandi aðgerðum gegn laxalús hér á landi og tók í notkun búnað á síðasta ári sem skýtur leysigeisla á fiski- og laxalús til að losna við þær af fiski í kvíum félagsins. Gauti Geirsson framkvæmdastjóri Háafells segir reynsluna af búnaðinum benda til verulegs árangurs.

Gunnlaugur Snær Ólafsson
gso@mbl.is

Þetta er töluverð fjárfesting sem hleypur á hundruðum milljóna yfir nokkurra ára tímabil,“ segir Gauti og útskýrir að búnaðurinn sé frá norska hátæknifyrirtækinu Stingray sem hefur öðlast einkarétt á að nota leysigeisla í þessum tilgangi. „Síðustu fimm ár hefur þeim

tekist að ná mjög góðum árangri og fótfestu. Og þar sem okkar stefna er að leggja áherslu á fyrirbyggjandi aðgerðir – til að koma í veg fyrir að þurfa að grípa til meðhöndlunar, hvort sem það er mekanískt eða með lyfjum, gegn fiski- eða laxalús – vorum við búin að fylgjast með þeim í nokkuð langan tíma.“

Hann segir Háafell hafa nýtt fjölbreytt úrræði í baráttunni gegn

lúsinni. „Við höfum notað hrognkelsi til að ná lús af fiskinum – en hrognkelsum finnst gott að borða þessar lús – og við höfum notað lúsapils sem er dúkur sem nær niður á átta metra sem hindrar eða dregur úr því að lúsálfur berist inn í netapokann og þar með á fiskinn. Svo höfum við verið með tilraunir í að dæla fersku (ósöltu) vatni í kvíarnar en lúsinni líkar það ekki vel. Þannig að þessi lausn

með leysigeislatæknina passaði rosalega vel inn í þessa hugmyndafræði okkar.“

Komust í röðina

Mikil eftirspurn hefur verið eftir lausn Stingray og greinir Gauti frá því að Háafelli hafi tekist að komast inn í biðröð hjá félaginu í kringum áramótin 2023/2024. „Þetta er eiginlega uppseld tækni í dag vegna umframeftirspurnar eldisfyrirtækja eftir þessari lausn. Okkur tókst samt að smeygja okkur inn í röðina og fengum afhent fyrstu tækin í maí á síðasta ári.“

Haustið 2023 fengum við töluvert af lús á okkar fisk. Þar sem um fyrirbyggjandi aðgerð er að ræða þarf að byrja notkunina með lítið af lús á fiskinum sem er síðan haldið niðri með leysigeislanum. Til að ná því þurftum við að byrja með hreint borð og þurftum við að meðhöndla sjó af nýu eldiskvíum okkar með lyfjum. Fyrirbyggjandi aðgerðir virka nefnilega á meðan það er ekki mikil lúsafurðing, en þegar komin er mikil lús getur gengið illa að halda henni niðri.“

Áður en búnaðurinn var komið fyrir var því búið að ganga úr skugga um að lágmarks lúsasmit væri á fiskum í þeim kvíum þar sem leysigeislatækjunum var komið fyrir. Lítið var af lús á fiskinum, en lúsaálag er almennt lítið yfir sumarmánuðina og tekur vanalega kipp að hausti.

„Lúsir byrjaði að fjölga sér í ágúst og við slíkar aðstæður verður oft veldisvöxtur þegar hún kemst af stað, en hjá okkur náðist að hemja fjölgunina og hélt hún sér í 0,15 lúsú (að meðaltali) á fisk fram í desember. Árið 2023 byrjuðum við einnig með nýll lús en enduðum með eina og hálfu lús í desember. Jafn margir fiskar voru í kvíunum bæði árin og því eini munurinn að annað árið vorum við með leysigeisla og hitt árið ekki. Þetta er auðvitað bara eitt ár, en þessar fyrstu niðurstöður hjá okkur lofa góðu.“

Gauti segir að Háafell hafi verið með tíu tæki í notkun en að til standi að fjölga þeim um önnur tíu í sumar. Mun þá vera hægt að beita leysigeisla á fiski á öllum kvíum félagsins.

Áður en ákveðið var að taka þessa tækni í notkun var ákveðið að ganga úr skugga um að hún virkaði, að sögn Gauta.

„Við vildum sjá einhverjar vísindagreinar sem bentu til þess að þessi tækni virkaði og þeir hjá Stingray sögðu okkur að ræða við fólk í greininni í Noregi sem er að nota þetta. Þegar við heimsóttum og ræddum við framleiðendur í Norður-Noregi kom í ljós að í eldi, þar sem var verið að nota lyf kannski fjórum sinnum á

hverju ári áður en leysitækninni var beitt, væri nú aðeins verið að gera það einu sinni eða jafnvel aldrei.“

Framsækið

Spurður hvort hann telji Háafell vera fremst á Íslandi hvað varðar upptöku nýjustu lausna í baráttunni gegn lúsinni svarar hann: „Allt frá því að við fórum í umhverfismat höfum við sagt að við ætluðum að gera okkar besta til að nýta ávallt bestu tækni og þekkingu og lágmarka umhverfisáhrif af starfsemi okkar. Í Ísafjarðardjúpi er rækjustofn og mikið lífríki sem við berum mikla virðingu fyrir og viljum ganga eins vel um og hægt er.“

Að finna nýjustu og bestu lausnirnar er stöðugt verkefni sem lýkur seint og er Háafell því hvergi nærri hætt. „Það hefur verið markmið okkar í 14 ár að vera á tánum og beita aðferðum sem draga úr neikvæðum áhrifum á fyrirbyggjandi hátt. Síðastliðið haust tókum við í notkun sérstakan netapoka, kallaður krókóðilapoki. Þetta net hefur verið notað í Tasmaníu þar sem krókóðilar ráðast á eldiskvíar þar.

Það sem við erum að fylgjast náið með núna er aðferð sem felst í því að setja netið dýpra og vera með eins konar þak á því. Fiskurinn kemur þá ekki upp í yfirborðið til að éta og syndir síðan aftur niður, heldur kemst hann ekki lengra upp en að 20 metra dýpi undir yfirborði þar sem er loftkúpa svo að fiskurinn getur fyllt af lofti í magann. Fóðrunin fer líka öll fram á þessu dýpi. Magnið af lúsálfurum er mest í efstu tíu metrum sjávarins og með þessu dregur verulega úr smítalaginu. Jákvæð hliðarverkun er að með þessu er fóðrunin dælt með vatni eða sjó en ekki lofti og það þarf bara brot af þeirri orku sem annars væri notuð. Þetta er mjög spennandi þróun sem unnið er að.“

Vilja vera dæmd af verkum sínum

Gauti endurtekur að þegar lúsir er byrjuð að fjölga sér geti verið erfitt að takast á við hana öðruvísi en með lyfjanotkun eða að meðhöndla fiskinn með þrýsting eða heitu vatni. Þetta hafi þó allt áhrif á eldisfiskinn.

„Við viljum síður grípa til slíkra verkfæra, en getum ekki útilokað að þörf sé á þeim við vissar aðstæður. Ef gripið er til slíkra aðgerða viljum við samt geta sýnt fram á að við höfum reynt allar leiðir til að koma í veg fyrir að þörf sé fyrir þær. Við viljum vera dæmd af verkum okkar og að þeir sem rýna í málin sjái að við erum á tánum og erum stöðugt að hugsa um hvernig við getum gert hlutina á sem bestan hátt.“



**Benchmark[®]
Genetics**

Lax — Hrein Hollusta

Skilaði ekki aflaupplýsingum í 22 veiðiferðum

Línu- og handfærabátur hefur verið sviptur strandveiðileyfi í eina viku fyrir að skila ekki aflaupplýsingum eins og lög gera ráð fyrir. Fiskistofa kveðst ekki geta tekið tillit til bilunar í tölvu og bruna í netbeini, því skipstjóra ber að sjá til þess að búnadurinn sé í lagi áður en haldið er til veiða.

Gunnlaugur Snær Ólafsson
gso@mbl.is

Fiskistofa birti nýverið ákvörðun sína um að svipta línu- og handfærabátinn Birtu BA-72 leyfi til strandveiða í eina viku frá og með útgáfu næsta strandveiðileyfis. Báturinn, sem gerður er út af Kfo Útgerð ehf. á Tálknafirði, er sagður hafa í tuttugu og tveimur veiðiferðum síðastliðið sumar ekki sent aflaupplýsingar til vefþjónustu Fiskistofu áður en skipið lagði við bryggju.

Fram kemur í málgögnum að skipstjóri bátsins hafi haldið til strandveiða átján sinnum á tímabilinu 28. maí til 16. júlí 2024. Ekki hafi Fiskistofu þó borist aflaupplýsingar áður en skipinu var lagt að bryggju líkt og lög gera ráð fyrir. Bárust þó Fiskistofu 12. júlí stafrænar upplýsingar um afla í níu veiðiferðum sem áttu sér stað í júní.



Morgunblaðið/Guðlaugur J.

Birta BA, sem skráð er með heimahöfn á Tálknafirði, missir leyfi til strandveiða í eina viku.

Strandveiðileyfi Birtu féll niður 17. júlí, við stöðvun strandveiða, og var báturinn þá heimilt að halda til veiða á grundvelli almenns veiðileyfis. Fiskistofa greinir þó frá því að ekki hafi verið skilað aflaupplýsingum á réttum tíma fyrir fjórar veiðiferðir á grundvelli hins almenna veiðileyfis. Þar af voru tvær veiðiferðir farnar í júlí, ein í september og ein í október.

„Af þeim sökum er skipstjóri skipsins Birta BA-72 (2689) grundaður um að hafa brotið gegn lögum um stjórn fiskveiða, lögum um

umgengni um nytjastofna sjávar og reglugerð um skráningu og skil aflaupplýsinga í framangreindum 22 veiðiferðum skipsins,“ segir í ákvörðun Fiskistofu.

Fram kemur einnig að Fiskistofa hafi áður leiðbeint útgerð skipsins um lög og reglur sem gilda um skil aflaupplýsinga með bréfi, dagsettu 28.5.2024, vegna veiðiferða 22. maí, 23. maí og 27. maí. Þá voru samskonar leiðbeiningar sendar útgerðinni 2022 vegna sjö veiðiferða það sumar.

Bruni í netbeini

„Með bréfi Fiskistofu, dags. 18.10.2024, var málsaðila tilkynnt að málið hefði verið tekið til meðferðar, og að til greina kæmi að beita viðurlögum yrdi niðurstaðan sú að um brot hefði verið að ræða. Fiskistofa veitti frest til að koma athugasemdum og sjónarmiðum á framfæri til 4.11.2024. Sjónarmið málsaðila bárust með tölvupósti 24.10.2024. Þar er tilgreint að vegna bilunar í tölvu og bruna á netbeini (e. router) hafi skipstjóra skipsins ekki tekist að

senda aflaupplýsingar á tilsettum tíma.

Málsaðili upplýsti að vanskil aflaupplýsinga ættu ekki að koma fyrir aftur þar sem málsaðili kveðst hafa endurnýjað netbeini og kapla og til standi að fá nýjustu uppfærslu á hugbúnaði (trackwell) til skila á aflaupplýsingum til Fiskistofu. Fiskistofa sendi tölvupóst til málsaðila 7.11.2024 til að gera betri grein fyrir lagagrundvelli málsins og veitti frest til 17.11.2024 til að koma sjónarmiðum á framfæri ef þörf krefði. Engin frekari sjónarmið bárust,“ segir í málgögnum.

Ekki minniháttar

Fiskistofa bendir á að það sé á ábyrgð skipstjóra að sjá til þess að búnaður sem nota á til að skila aflaupplýsingum sé í lagi áður en haldið er til veiða. Stofnunin getur því ekki tekið tillit til bilaðrar tölvu eða bruna í netbeini. Jafnframt ber að upplýsa Fiskistofu eins skjótt og auðið er komi upp bilun í hugbúnaði eða vefþjónustu, en engin slík tilkynning barst stofnuninni.

Telur Fiskistofa ljóst að með því að skrá ekki og skila ekki aflaupplýsingum til vefþjónustu Fiskistofu áður en skipinu var lagt að bryggju hafi verið brotið gegn lögum um stjórn fiskveiða.

„Að teknu tilliti til eðlis og umfang brotanna teljast þau ekki minniháttar og kemur því ekki til álita að áminna málsaðila vegna þeirra. Með hliðsjón af því að skráningu og skilum aflaupplýsinga skipsins var ábótavant í 18 strandveiðiferðum og 4 veiðiferðum skipsins á grundvelli almenns veiðileyfis telur Fiskistofa rétt að beina viðurlögum að leyfi skipsins til strandveiða,“ segir í ákvörðuninni.

Ákvörðunin hefur ítrekunaráhrif í tvö ár.

Við stuðlum að verðmætasköpun í íslenskum sjávarútvegi

Engar einfaldar lausnir í baráttunni við lúsina

Eva Dögg Jóhannesdóttir, sjávarlíffræðingur og ráðgjafi hjá Bláum Akri, segir mikla óvissu um það í hve miklum mæli sjókvíaelði hafi áhrif á lúsaálag villtra laxfiska. Hún telur mikilvægt að lokið verði við gerð lúsadreifingarlíkans og að komið verði á fullfjármagnaðri vöktun villtra laxa.

Gunnlaugur Snær Ólafsson
gso@mbl.is

Það eru allir sammála um að það þurfi að fylgjast með fjölgun lúsa og það þarf að vakta villtu stofnana líka, alveg eins og eldislaxinn, og hafa hemil á þessu. Það er fyrirtækjunum fyrir bestu að halda þessu í skefjum svo að lúsin valdi ekki afföllum.

Skiptar skoðanir eru um það í hve miklum mæli sjókvíaelði stuðli að aukningu lúsaálags á villtum fiskum. „Sumir eru alveg sannfærðir um það og vísa til þess að með aukinni framleiðslu sníkjudýra eykst hættu á að lúsin rati í villta fiskinn, draga þá ályktun að það hljóti að vera tenging þar á milli. Hins vegar er það ekki endilega tilfellið,“ segir Eva Dögg og bendir á að á þeim svæðum þar sem sjókvíaelði hefur verið bannað í Bresku-Kólumbíu í Kanada hefur lús á villtum fiskum ekki minnkað.

Spurningin um áhrif sjókvíaeldis á villta stofna með tilliti til lúsasmits er því flóknari en virðist í fyrstu, útskýrir hún.

Laxa- og fiskilús er sníkjudýr sem sest á fiska og nærast á húð, blóði og slími þeirra. Getur það haft alvarleg áhrif á heilsufar þeirra fiska sem verða lúsinni að bráð.

Vísindamenn ekki sammála

Bendir Eva Dögg á að Noregur hafi árið 2017 innleitt svokallað umferðar-



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Eva Dögg Jóhannesdóttir segir að þótt lífferill fiski- og laxalúsar sé vel þekktur sé það flókið verkefni að greina smitleiðir og meta áhrif á villta stofna.

ljósakerfi sem á að stjórna vexti laxeldis út frá áætluðum áhrifum lúsa úr eldinu á lifun villtra atlantshafslaxa. Sumir hér á landi hafa reynt að yfirfæra greiningaraðferðir kerfisins á íslenskar aðstæður, en norska kerfið hefur sætt þó nokkurri gagnrýni þar ytra og segir Eva Dögg ekki einingu um það meðal vísindamanna hvort kerfið gefi rétta mynd af áhrifum eldisins.

„Gagnrýnin hefur snúist um að það vanti tölverð gögn og að það

vanti ritrýni á þau gögn sem nýtt eru í umferðarljósakerfið, sem á að segja til um það hversu margir laxfiskar munu deyja við ákveðið lúsaálag.

En það eru allir sammála um að það þurfi að fylgjast með þessu, það þurfi vöktun og rannsóknir, en aðferðirnar eru ekki yfir gagnrýni hafnar. Þetta er bara ekki einfalt viðfangsefni því það eru alls konar breytur sem spila inn í hvernig lúsaálag er mælt, til dæmis veiðiaðferð á

fiskum og hvernig unnið er úr þeim gögnum sem er aflað.“

Þótt bæði laxa- og fiskilús séu sníkjudýr sem hafa verið þekkt um langt skeið og greind í þau er flókið að fullyrða um áhrif þeirra, að sögn Evu Daggar.

„Þú ert með lifur sem losna út í sjóinn og ferðast með hafstraumum en fara líka upp og niður með vatnssúlunni eftir hitastigi og birtu. Lúsin getur sest til dæmis á hornsli, finnur á lyktinni að það er ekki

hagstætt svæði og sleppur síðan og fer annað.

Það er erfitt að skilja þetta og þess vegna einnig erfitt að búa til einhver kerfi sem spá nákvæmlega fyrir um hvernig hlutirnir ganga fyrir sig. Við erum alltaf að reyna að búa til einhverja kassa og skilgreina hvað mun og mun ekki gerast ef hitt eða þetta. Þetta verður aldrei fullkomið, þó verðum við að hafa einhvers konar kerfi. Þess vegna er það mikilvægasta sem við getum gert að vakta villta fiska og eldisfiska, þannig að við getum verndað villtu stofnana, en ekki skaða þá frekar með rannsóknum eins og við erum kannski að gera í dag.“

Flóknir ferlar

Spurð um smitleiðirnar vekur Eva Dögg athygli á því að lúsin varð til í náttúrunni, þó að eldisstöðvar þar sem smit kemur upp geti skapað góða gróðrarstíu fyrir hana.

„Rannsóknir Færeyinga hafa sýnt fram á að fiskeldið er fyrst og fremst að smita sjálf sig. Lýsnar sem verða til á tilteknu eldisvæði eru líklegastar til að smita innan svæðis eða fara yfir á næsta eldisvæði, því þar er sterkasta lyktin af laxinum og mesti fjöldinn. Það er miklu einfaldara fyrir sníkjudýr að fara bara á næsta fisk frekar en að fljóta um hafið í leit að náttúrulegum hýsli. Þá er ég ekki að segja að það gerist ekki að lús fari af eldisvæði á villta fiska, en það hefur sýnt sig að helsta smitleiðin sé innan og milli eldisvæða.

Í ljósi þessa er mikilvægasta aðgerðin gegn lúsasmiti hvíld eldisvæða, eftir þriggja mánaða hvíld er búið að slíta lífsferil lúsarinnar. Hins vegar, ef verið er að hvíla eldisvæði sem er í straumstefnu frá öðru svæði þar sem er lús næst lítill árangur. Þannig að það þarf stærri skilgreind og rannsókuð smitvarnasvæði. Okkur vantar lúsadreifingarlíkan, en mér skilst að Hafrannsóknastofnun sé að vinna slíkt. Vonandi kemur það fyrr en síðar svo að við getum skilið betur hvernig lús dreifist. Færeyingar eru með slíkt líkan þannig að maður getur séð nákvæmlega hvernig lifur dreifast ef lús greinist.“

VOGIR

ELTAK sérhæfir sig í sölu og þjónustu á vogum



Þjóðum MESTA úrval á Íslandi af smáum og stórum vogum



-vogir eru okkar fag

Hlíðasmára 14 | S: 588 2122
www.eltak.is

- Algjörlega náttúrulegt
- Hámarks skilvirkni
- Ódýrara í förgun
- Hvar sem mengun verður í vatni – á landi – á vegum



Fullkomin lausn til mengunarfarna

Óseyrarbraut 27 | 220 Hafnarfjörður
diving@diving.is | S. 821 4548
mengunarfarnir.is

KÖFUNAR



ÞJÓNUSTAN

Eva Dögg útskýrir að lúsalirfur smiti ekki fiska um leið og þær klekjast út, það taki nokkra daga og fari eftir hitastigi sjávar. Þá getur lúsin lifað í allt að tvær vikur úti í sjó áður en hún finnur hýsil, sem flækir kortlagningu smitleiðanna.

„Það er ekki bara hægt að segja að á einhverjum eldisstað sé svo mikið af kvenkyns lúsum að það útskýri lírfur á villta fiskinum. Ég vildi að það væri svona einfalt en ferlarnir eru flóknari en svo.“

Engin augljós lausn

Er einhver lausn á þessum lúsa-faröldrum?

„Það er nú oft þannig í fiskeldi að ef þú finnur eina lausn býrðu oft til einhverja aðra áskorun. Til dæmis ef það er lyktin af laxinum sem lúsin finnur þá hafa menn spáð í að breyta fóðrinu svo að laxinn lykti öðruvísi, en þá breytirðu bragðinu af laxinum. Við vitum hvernig sníkjudýrið virkar, en það hefur þróast með þessum fiskitegundum svo lengi að það er erfitt að slíta þessar verur í sundur. Þetta eru dýr sem hafa lifað saman í árþúsund og eiga alveg að geta gert það, það er ekkert að því að hafa eina eða tvær lýs.“

Eva Dögg segir hins vegar margar lýs yfir nokkurn tíma geta valdið miklum fylgikvillum fyrir fiskinn og reyna því eldisfélög að bæði fyrirbyggja smit og uppræta lúsina þegar smit mælist yfir ásættanlegum mörkum.

„Menn eru að gera kynbætur á eldisfiskum til að gera fiskinn harðgerðari, sums staðar erlendis er prófað að breyta erfðaefni fiska – en slíkur fiskur er ekki nýttur á Íslandi, gefa fóður sem eykur slímframleiðslu, beita leysigeisla, lúsagildrum og hljóði og nota fiska sem éta lýs, eins og hrognkelsi – en fiskilúsin elskar líka hrognkelsi og það er spurning hvað sé hægt að gera í því. Svo ef þetta er komið út í óefni þarf að meðhöndla fiskinn



Ef mikil lús verður á fiskinum í eldiskvíunum þarf að grípa til kostnaðarsamra hreinsunaraðgerða sem hafa í för með sér álag á fiskinn.

Morgunblaðið/Guðlaugur J.



Sníkjudýrið og laxfiskar hafa átt samleið í árþúsund.

Ljósmynd/Havforskningsinstituttet

mekanískt eða með lyfjum. Það er búið að reyna ýmislegt og þetta eru allt mjög dýrar aðgerðir.“


Tryggja þurfi vöktun

Eva Dögg Rifjar upp að á síðasta ári hafi hér á landi verið byrjað að dæla fiski úr kvíum upp í brunnbát og meðhöndla hann með volgu vatni og þrýstingi.

„Þá er lúsin beinlínis spúluð af honum og svo síuð frá og henni fargað, en fiskurinn fer aftur út í kví. Þetta er mjög kostnaðarsöm aðgerð og mikil vinna. Það hafa eflaust allir Vestfirðingar séð brunnbátinn Ronju Strand sigla milli fjarða yfir sumarið og fram á haust.“

Spurð hvað þurfi sérstaklega að huga að í framhaldinu svarar hún: „Það er búið að vinna rosalega mikla og góða vinnu frá því að eldisfyrirtækin urðu fyrir miklu áfalli 2023. Síðan þá hafa eldisfyrirtækin fyrir vestan unnið með dýralæknum og líffræðingum að því að minnka lúsaálagið. Þess vegna kom meðal annars þessi brunnbátur í fyrri og gekk bara töluvert vel, vonandi enn betur í ár. Það þarf að halda þessu samstarfi áfram.“

Það er líka ótrúlega mikilvægt að koma á almennilegri vöktun á villta fiskinum, hvernig sem það verður gert, og að hún verði ekki bundin óvissu um fjármögnun ár eftir ár.“



Fiskur ekki undanþeginn ágreiningi stórvelda

Mikill óróleiki hefur einkennt heimsmálin undanfarin ár með tilheyrandi áhrifum á flæði vöru og þjónustu og viðskiptaumhverfi fyrirtækja. Er sjávarútvegurinn þar engin undantekning, enda eru viðskipti með sjávarafurðir hnattrænar í eðli sínu. Íslensk fyrirtæki þurfa að vera vökul gagnvart þeim breytingum sem hafa átt sér stað og þeim sem koma skulu, ekki síst búa yfir þeim sveigjanleika sem fjölgun fríverslunarsamninga gefur.

Gunnlaugur Snær Ólafsson
gso@mbl.is

S tjórnarráð Íslands tilkynnti í nóvember á síðasta ári að tekist hefði að lenda fríverslunarsamningi við Taíland. Var sérstaklega vakin athygli á því að „samningurinn tryggir meðal annars fullt tollfrelsi inn á Taílandsmarkað fyrir flök af laxi, þorsk, grálúðu og loðnuhrogn, vélbúnað til matvælaframleiðslu og stóðtæki.“

Þá kveður samningurinn einnig á um samstarfsverkefni milli íslenskra og taílenskra aðila á sviði sjálfbærra fiskveiða og fiskveiðistjórnunar. Jafnframt voru íslenskum fyrirtækjum veittar víðtækari heimildir til fjárfestinga í Taílandi, auk þess sem aðgengi íslenskra þjónustufyrirtækja að taílenskum þjónustumarkaði var bætt.

„Fríverslunarsamningur við Taíland mun bæta samkeppnisstöðu íslenskra útflytjenda á hinum stóra og ört vaxandi Taílandsmarkaði. Samningurinn fylgir þannig eftir útlutningsstefnu Íslands, sem unnin var í samstarfi við atvinnulíf. Þar var lögd áhersla á að bæta aðgang íslenskra fyrirtækja að mörkuðum Suðaustur-Asíu. Þar höfum við náð góðum árangri síðustu ár með fríverslunarsamningum við Indland, Filippseyjar og Indónesíu. Þetta er sérstaklega mikilvægt nú þegar framleiðsla og viðskiptaumhverfi Asíu er að taka örum breytingum og tryggir að íslensk fyrirtæki búi ávallt við bestu viðskiptakjör. Þannig tryggjum við hagsmuni Íslands,“ sagði Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir utanríkisráðherra við tilefnið.

Íslenskar afurðir til Taílands

Í janúar síðastliðnum hélt Félag atvinnurekenda (FA) og Íslensk-taílenska viðskiptaráðið fund um hinn nýja fríverslunarsamning. Kom þar fram í máli Ragnars G. Kristjánssonar, skrifstofustjóra viðskipta-skrifstofu utanríkisráðuneytisins, að „Taíland væri framtíðarmarkaður með um 70 milljónir íbúa, sem færi stækkandi og væri sá næststærsti innan ASEAN, Sambands Suðaustur-Asíuríkja. Taíland væri fjölbreytt og útlutningsmiðað hagkerfi og jafnframt með stóran þjónustugeira, þar sem ferðaþjónusta væri mikilvægust. Þá væri Taíland líklegt til að leika mikilvægt hlutverk ef framleiðsla færðist frá Kína til annarra ríkja í Asíu,“ að því er greint er frá á vef FA.

Par er einnig vakin athygli á því að á fundinum hafi komið fram að líklegt sé að samningurinn leiði til þess að íslenskar sjávarafurðir, sem til þessa hafa verið unnar í Kína fyrir Japansmarkað, verði frekar fluttar til vinnslu í Taílandi þar sem Taíland hafi betri aðgang að Japan en Kína.

Slík þróun er ekki ósennileg og í takti við þróun síðustu ára. Tilkynnti t.a.m. japanska stórfyrirtækið Kyokuyo í febrúar á síðasta ári að það myndi halda áfram að stækka á alþjóðamarkaði en á sama tíma draga úr framleiðslu sinni í Kína. Áherslan yrði framvegis á Suðaustur-Asíu og sérstaklega Vietnam og vísaði fyrirtækið til mikilvægis stöðugleika í rekstrarumhverfinu. Í yfirlýsingu á síðasta ári sagðist fyrirtækið með ákvörðun sinni um að auka áhersluna á Suðaustur-Asíu vilja „forðast samþjöppun vinnslustöðva í Kína“ þar sem „vandamál hafa komið í ljós“. Var vísað til trufl-



Xi Jinping forseti Kína og Donald Trump Bandaríkjaforseti. Búast má við að samskipti ríkjanna verði stíð á komandi árum.



Á ráðherrafundi EFTA í Borgarnesi árið 2022 var víðræðum um fríverslunarsamning við Taíland ýtt úr vör. Samningurinn bætir stöðu íslensks sjávarfangs í Japan.

ana í birgðakeðjum og aukinnar getu til að tryggja stöðugt framboð til kaupenda með því að dreifa áhættu. Kyokuyo er eitt af stærstu fyrir-

tækjum Japans á sviði framleiðslu sjávarafurða og voru sölutekjur samstæðunnar á þriðja fjórðungi, sem lauk 31. desember síðastliðinn,

238,5 milljarðar jena eða rúmlega 219 milljarðar íslenskra króna.

Flótti í mörg ár

Færsla iðnaðarframleiðslu frá Kína til annarra nálægra hagkerfa hefur átt sér stað um árabil. Má í því samhengi nefna að í úttekt Bain & Company á viðskiptaumhverfinu í Kína (China Business Climate Survey Report) – fyrir bandaríska viðskiptaráðið í Kína árið 2017 – kom fram að fjöldi fyrirtækja lýsti því að þau myndu á komandi árum draga úr fjárfestingum sínum í Kína.

Sagði helmingur fyrirtækjanna sem tóku þátt í tilheyrandi könnun meðal bandarískra framleiðslufyrirtækja í Kína að þau upplifðu mismunum af hálfu stjórnvalda í Kína á grundvelli þess að þau væru erlend. Helmingurinn sagði einnig að þau myndu starfa áfram óbreytt eða draga úr umsvifum sínum.

Fjórðungur fyrirtækjanna sagðist hafa á undanförunum þremur árum flutt framleiðslu frá Kína eða hafði áform um slíkt. Tveir þriðju þeirra sem þá höfðu yfirgefið Kína leituðu á markaði í Suðaustur-Asíu. Ástæðurnar sem fyrirtækin gáfu upp voru meðal annars aukinn launakostnaður í Kína, óskilvirkt og óljóst regluverk, taktískt endurmat og erfiðleikar að lokka erlenda sérfræðinga til starfa í Kína.

Þessi þróun hefur haldist óbreytt og segir í úttekt ársins 2024 að 25% fyrirtækja hafi dregið úr fjárfestingum sínum í Kína, hlutfallið hefur aldrei verið meira. Auk þess sögðust 40% fyrirtækjanna hafa fjárfest í uppbyggingu framleiðslu í Suðaustur-Asíu og á Indlandi fremur en Kína.

Í greiningu Chi Hung Kwan, hjá japönsku viðskiptahugveitunni RIETI (e. The Research Institute of Economy, Trade and Industry), sem birt var á síðasta ári, kemur fram að félög hafa í sífellt auknum mæli yfirgefið Kína og að sífellt færri nýfjárfestingar eigi sér stað. Meginbreytan í þessari þróun er að hans mati aukin spennan milli Kína og Bandaríkjanna og annarra vestrænna ríkja, en ekki síður aðgerðir sem ríki út um allan heim hafa gripið til sem stuðla að því að fyrirtæki vilja færa sig um set.

Langur aðdragandi

Aukin spennan er síður en svo ný. Eins og nefnt hefur verið mátti þegar 2017 greina mikla ólgu meðal bandarískra fyrirtækja, en þessi staða alþjóðamála á sér mun lengri aðdraganda en svo. Það er meira en áratugur síðan Barack Obama, þáverandi forseti Bandaríkjanna, innleiddi nýja utanríkisstefnu sem snerist um að beina í auknum mæli athygli bandarískra yfirvalda til Asíu undir merkjum „Pivot to Asia“. Markmiðið var að efla tvíhliða öryggissamstarf

RÉTTU VOGIRNAR FYRIR SJÁVARÚTVEGINN

Hvort sem þú þarft að vigta ferskan fisk, pakka afurðum eða tryggja rétta þyngd í lok vinnslulínunnar erum við með lausnina fyrir þig. Hjá okkur færðu allt frá vatnsheldum vogum og háhraða miðaprentun til eftirlitsvoganna sem tryggja gæði og rekjanleika. Þú færð nákvæmni, endingargæði og lausnir sem þola krefjandi aðstæður í vinnslum, á fiskmörkuðum og úti á sjó.



Pmt
PLAST, MIÐAR & TÆKI

Þarftu vog sem vinnur með þér en ekki á móti þér?
Hafðu samband og við finnum réttu lausnina!
Allt til merkinga og þökkunar // sala@pmt.is - www.pmt.is

VOGIR

ELTAK sérhæfir sig í sölu og þjónustu á vogum



Þjófum MESTA úrval á Íslandi af smáum og stórum vogum

ELTAK EHF
-vogir eru okkar fag

Hlíðasmára 14 | S: 588 2122
www.eltak.is



AFP

Fjöldi fyrirtækja hefur álitnið of mikla áhættu að byggja upp framleiðslustöðvar í Kína og í staðinn kosið að fjárfesta í Suðaustur-Asíu.

og dýpka samstarf Bandaríkjanna við vaxandi veldi í Asíu.

Þó að Obama-stjórnin hafi opinberlega talað fyrir samstarfi við Kína er ljóst að Bandaríkin voru farin að líta á Kína sem ákveðna áskorun á svæðinu, enda hefur það keyrt á skýrri útþenslustefnu bæði efnahagslega sem og pólitískt. Hefur Kína gert tilkall til landsvæða og hafsvæða víða og ítrekað sýnt vilja til valdbeitingar til að fá sínu framgengt, á kostnað nágranna sinna.

Sem lið í stefnu sinni hóf Obama-stjórnin vinnu við gerð TPP-samningsins svokallaða, sem var fríverslunarsamningur Banda-

ríkjanna og fjölda asískra ríkja og Kyrrahafsríkja. Markmiðið var að hvetja fyrirtæki til fjárfestinga í framleiðslu utan Kína og þannig hamla efnahagsvexti þess.

Fyrsta stjórn Donalds Trumps, sem tók til starfa 2017, dró Bandaríkin út úr áframhaldandi viðræðum um TPP-samninginn. Þó er óhætt að segja Trump-stjórnin hafi ekki dregið úr spennunni milli Bandaríkjanna og Kína. Sú stjórn lagði sérstaka áherslu á þá öryggisáskorun sem stafaði af sífellt valdameiri stjórn í Peking.

Vakti Jens Stoltenberg, fyrrverandi framkvæmdastjóri NATO, athygli á

því á fundi samtaka norskra atvinnurekenda (NHO) í janúar síðastliðnum að aðildarríki NATO hefðu á þessum tíma ekki lítið svo á að Kína væri sérstakt vandamál ríkja á sviði öryggismála. Þau séu þó öll á þeirri skoðun í dag.

Með óbeinum stuðningi Kína við ólöglega innrás Rússlands í Úkraínu hin síðustu ár og sífellt nánara samstarfi þessara alræðisríkja hefur spennan aðeins aukist. Hefur þetta smitað út frá sér til viðskiptalífs og sjá fyrirtæki í auknum mæli áhættu í að hafa stóran hluta af framleiðslu sinni undir Kína.

Ríkisstjórn Joes Bidens fyrrver-

andi Bandaríkjaforseta hélt því áfram á sömu braut og greip meðal annars til hækkunar innflutningstolla á kínverska rafmagnsbíla í 100% og fékk samþykka CHIPS-löggjöfina sem veitti skattafrávilnanir fyrir fjárfestingar og niðurgreiðslu rannsókna á hálfleiðurum (e. semiconductors). Jafnframt tókst þeirri stjórn að stoppa í glufu í innflutningsbanni á rússneskar sjávarafurðir sem komust til Bandaríkjanna í gegnum Kína.

Áframhaldandi óvissa

Fyrsta Trump-stjórnin byggði nálgun sína við Kína mikið á hug-

myndafræði Roberts Lighthizers, sem þá gegndi stöðu viðskiptafulltrúa ríkisstjórnarinnar sem fer fyrir einkonar ráðuneyti utanríkisviðskipta (Office of the United States Trade Representative). Hugmyndafræði hans byggist fyrst og fremst á því að hægt verði að tryggja öflugt bandarískt efnahagslíf ef framleiðsla fari fram í Bandaríkjunum. Leiðin til þess að tryggja slíkt sé að halda uppi háum verndartollum samhliða því að innleiða strategískt opinberar niðurgreiðslur til mikilvægra atvinnugreina. Stefna hans hafði veruleg áhrif á viðskiptastefnu fyrstu Trump-stjórnarinnar og ef marka má nýlegar yfirlýsingar stjórnarinnar í Washington má ætla að haldið verði áfram á svipaðri braut komandi ár.

Óhjákvæmilega mun þetta hafa áhrif á Íslendinga sem stunda viðskipti víða um heim. Það er því mikið undir að Ísland hafi tryggt sér viðskiptasambönd sem víðast eins og t.a.m. með viðskiptasamningi við Taíland. Vert er þó að geta þess að viðræður eru nú í gangi á vettvangi EFTA um fríverslunarsamninga við Indland, Víetnam og Malasíu. Einnig ber að geta þess að samningar við aðildarríki fríverslunarsambands Suður-Ameríku, MERCOSUR, eru mikilvægir.

Helsta einkenni reksturs í íslenskum sjávarútvegi hefur verið óvissa. Óvissa vegna veðurs, aflabragða, ráðgjafar Hafrannsóknastofnunar, innlendra stjórn mála og þróunar verðlags á mörkuðum. Ekki verður hjá því komist að einnig sé óvissa vegna alþjóðastjórn mála og er fátt sem bendir til að hún muni minnka í bráð. Einhver besta leiðin til að takast á við óvissu er gott skipulag og sveigjanleiki til að bregðast við breyttum aðstæðum. Það á einnig við um óvissuna á sviði alþjóðastjórn mála og má segja að það sé sjávarútveginum og þjóðarþúinu öllu í hag að búa yfir öflugri utanríkisþjónustu sem vinnur samhent með útflutningsgreinum.



Skannaðu og skoðu

Þú færð **PEDROLLO** brunndælurnar á **rubix.is**



RUBIX

Dalvegur 32a | Kópavogi | s: 522 6262 | rubix.is@rubix.com | rubix.is

Norðmenn sæta harðri gagnrýni Evrópuríkja

Á undanförunum árum hafa Norðmenn getað tryggt landvinnslum sínum tollfrjálst aðgengi að rússnesku hráefni á undirverði og einhliða aukið kvóta í deilistofnum til sinna skipa. Skilaði þetta verulegum ávinningi fyrir norskan sjávarútveg en Adam var ekki lengi í Paradís því þeir gætu átt þvingunaraðgerðir yfir höfði sér.

Gunnlaugur Snær Ólafsson
gso@mbl.is

Fiskveiðinefnd Evrópuþingsins hélt sérstakan fund 28. janúar síðastliðinn um stöðu samskipta Evrópusambandsins og Noregs með tilliti til fiskveiða. Tilgangur fundarins, sem haldinn var fyrir opnum dyrum í Brussel, var að rýna í núverandi fiskveiðisamninga Evrópusambandsins og Noregs og yfirstandandi fiskveiðideilur.

„Umdeildar aflahlutdeildir, ósjálfbær nýting fiskistofna, endurheimt sögulegs veiðiréttar: frummælendur, sem eru sérfræðingar í málinu, munu varpa ljósi á þessi mál, hvað er í húfi og hugsanlegar lausnir,“ sagði í kynningu fundarins. Mættu fyrir nefndina meðal annars talsmenn evrópska togara- og uppsjárflotans sem og embættismenn Evrópusambandsins á sviði fiskveiða.

Esben Sverdrup-Jensen, framkvæmdastjóri Samtaka danskra uppsjárvinnslustöðva (DPPO) og formaður stjórnar Sambands evrópskra fiskframleiðenda (EAPO) sagði á fundinum ljóst að „Noregur hugsar bara um Noreg, ekki um samstarf, ekki um nýtingarstjórnun, og ekki um samvinnu“.

Heimild til þvingunaraðgerða

Vakti Sverdrup-Jensen meðal annars athygli á sameiginlegri yfirlýsingu Danmerkur, Svíþjóðar, Hollands, Þýskalands, Frakklands, Póllands og Portúgal frá desember síðastliðnum. Þar minntu ríkin á samning sem gerður var við Noreg árið 2007 um norsk-íslensku síðina sem fól í sér að Evrópusambandið minnkaði hlutdeild sína úr 8,38% í 6,51% gegn því að Noregur heimil-

aði veiði í sinni lögsögu. Enn hefur evrópskum síldarskipum ekki verið veitt aðgengi að norsku lögsögunni.

Jafnframt sagði hann Norðmenn hafa meðal annars einhliða og óhóflega stóraukið makrílkvóta til sinna skipa. Vísaði hann til þess að 2021 hefðu Norðmenn aukið þá hlutdeild sem þeir gerðu tilkall til um 55% þrátt fyrir að ráðgjöf vísindamanna um hámarksveiði hefði lækkað ráðlagðan heildarafla um hundrað þúsund tonn.

Kallaði Sverdrup-Jensen eftir því að Evrópusambandið innleiddi nýjar reglugerðir um ósjálfbærar veiðar sem framkvæmdastjórn sambandsins kynnti í fyrra, en samkvæmt reglugerðardrögum yrði framkvæmdastjórninni heimilt að beita ríki viðskiptaþvingunum sem stunda ósjálfbærar veiðar. Vildi hann einnig að Evrópusambandið hækkaði á ný hlutdeild í norsk-íslensku síld í 8,38% þar sem Norðmenn hefðu ekki staðið við gefin fyrirheit.

Gagnrýna aðferðafræði

Undir þessi sjónarmið tók Tim Heddema, formaður Samtaka uppsjárúrgerða (PFA) og stjórnarformaður hollensku útgerðarinnar Redersvereniging voor de Zeevisserij. Vakti hann athygli á því að Norðmenn væru að réttlæta makrílveiðar sínar með svokallaðri svæðistengingaraðferðafræði, sem ekki er viðurkennd og sætir töluverðri gagnrýni.

Þessi aðferðafræði Norðmanna byggir á að hlutdeild í deilistofni endurspegli hlutfall fiskistofns innan lögsögu hvers ríkis, vegið með tíma sem hann eyðir á svæði hvers aðila.

Íslendingar hafa einnig mótmælt þessari nálgun og sagði til að mynda Heiðrún Lind Marteins-



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Einhliða aukning makrílkvóta Norðmanna er sögð réttlæta viðskiptaþvinganir af hálfu ESB.

Sakaðir um siðleysi

Norskir fiskframleiðendur fengu heldur betur að heyrja það í vikunni sem leið. Samtök portúgalskra þorskráframleiðenda, Associação dos Industriais do Bacalhau (AIB), sendu frá sér yfirlýsingu þar sem þau sögðust fordæma innflutning rússnesks þorsks tollfrjálst í gegnum Noreg og hörmuðu þá markaðsskekkju sem það skapar.

Kallaði AIB eftir því að Evrópusambandið efla eftirlit og innleiði strangari reglur um þorsk sem unninn er í Noregi til að tryggja betur árangur þvingunaraðgerða sem Rússar sæta. Jafnframt var biðlað til norskra stjórnvalda um að „taka stefnu sína til endurskoðunar

og koma í veg fyrir að landvinnslur nýtast sem farvegur fyrir rússneskan þorsk inn á Evrópumarkað. Með því að leyfa tollfrjálsan innflutning og endurútlutning á þessum þorski er Noregur óbeint að auðvelda brot á refsiaðgerðum, hygla ákveðnum iðnrekendum og koma á ójafnvægi í viðskiptum við samstarfslönd sín.“

Norskir framleiðendur voru enn fremur hvattir til þess að „tryggja góða starfshætti með því að hafna þessum ósanngjörnu viðskiptaáferðum og stuðla að auknu gagnsæi og jafnvægi á markaði.“

Portúgal er mikilvægur markaður fyrir íslenskar þorskaufurdir, sérstaklega saltfisk.

Síðastliðið sumar var þrífliða samningur um makrílveiðar milli Noregs, Bretlands og Færeyja undirritaður. Í samningnum, sem er til þriggja ára, skipta löndin milli sín 72% af ráðlögðum hámarksafla í makríl. Ísland, Evrópusambandið, Grænland og Rússland eru ekki aðilar að samningnum.

Ríghalda í samstarf við Rússa

Á fundi nefndarinnar í Brussel bar einnig á góma að í gegnum Noreg ratar töluvert af rússneskum fiski á Evrópumarkað. Evrópusambandið hefur sett 13% innflutningstoll á rússneskar afurðir. Er þetta liður í refsiaðgerðum vegna ólögmeðrar innrásar Rússlands í Úkraínu. Jafnframt hefur evrópskum höfnum verið lokað fyrir umferð rússneskra skipa þar sem þau teljast ógna þjóðaröryggi, m.a. vegna skemmdarverka og njósna.

Norðmenn hafa hins vegar viðhaldið samstarf við Rússa á sviði fiskveiðistjórnunar og heimila rússneskum skipum að sækja þjónustu í norskum höfnum sem og að landa afla, ekki síst selja norski landvinnslu þorsk úr Barentshafi. Nýtur rússneski fiskurinn algjörs tollfrelsis þrátt fyrir að Rússar hafi sett innflutningsbann á norskar sjávarafurðir.

Evrópskir fiskframleiðendur halda því fram að þarna ráði fyrst og fremst hagsmunir Norðmanna för, sem geta keypt á undirverði rússneskan fisk sem tryggir bæði samkeppnisstöðu norskra vinnslna og kemur í veg fyrir að greinin í Noregi taki á sig sömu byrðar og aðrir í Evrópu vegna aðgerða gegn Rússlandi.

Norskir fjölmiðlar greindu frá því á síðasta ári að ekkert raunverulegt eftirlit væri með rússnesku togurunum og ekki vitað hve mikið þeir væru raunverulega að veiða. Jafnframt hefði Rússland sagt sig úr Alþjóðahafsráðgjörndu (ICES) á síðasta ári. Það væri því engin leið að athuga hvort Rússar væru með sjálfbæra nýtingu sjávarauðlindarinnar.

Marianne Sivertsen Næss, sjávarútvegsráðherra Noregs, sagði í samtali við 200 mflur í október í fyrra að stefna Noregs væri óbreytt og að stefnt væri að áframhaldandi samstarfi við Rússa um fiskveiðar. Er norska ríkisútvarpið NRK leitaði viðbragða hennar við gagnrýninni sem fram kom á fundi þingnefndarinnar í Brussel sagðist hún ekki kannast við meintan skort á samstarfsvilja eða samráði.



Hágæða vinnuföt í miklu úrvali

Sérmerkjum fyrir fyrirtæki

Mikið úrval af öryggisvörum















Verkfæri og festingar

Opíð: 8-17 virka daga – 10-12 laugardaga (í júní – ágúst er lokað á laugardögum)



vinnuföt fást einnig í





HAGI ehf • Stórhöfða 37 • 110 Reykjavík • S. 414 3700 • hagi@hagi.is • hagi.is • f HagI ehf HILTI

dóttir, framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, árið 2021 að svæðistenging gæti ekki verið eina forsenda skiptingar veiðiheimilda milli ríkja. Benti hún á að þessi nálgun væri gölluð, þar sem ekki væri hægt með óyggjandi hætti að staðsetja fiskistofna sem sífellt breyttu hreyfimyndir sínar, auk þess sem þessi nálgun tæki ekki tillit til þátta eins og hvar fiskistofnar hrygna, vaxa, leita ætis og þyngjast.


Heddema sakaði jafnframt Norðmenn um að stunda veiðar á alþjóðlegu hafsvæði á fæðusvæði makríls að sumri þegar fiskurinn er illa á sig kominn í kjölfar hrygningargöngu til að réttlæta hlutdeild sína. Þetta gerði það að verkum að 2/3 aflans yrði að nýta í fiskimjöl og lýsi.

Greiddu Bretum

Norðmenn hafa undanfarin ár sett sífellt meiri gagnrýni vegna framferðis síns, sérstaklega í tengslum við umgengni um makríllinn. Kölluðu Samtök evrópskra útgerða (Europêche) eftir því að viðskiptaþvingunum yrði beitt gegn Noregi og Færeyjum árið 2023 vegna áframhaldandi útgáfu óhóflegra veiðiheimilda í makríl sem stuðluðu að ofveiði stofnsins.

Sumarið það ár undirrituðu norsk yfirvöld samkomulag við Bretland um að norsk skip fengju að veiða allt að 60% af aflaheimildum sínum í breski lögsögu gegn því að Bretar fengju þrjú prósentustig af hlutdeild Norðmanna. Voru Norðmenn sakaðir um að hafa viljandi aukið makrílkvóta sinn aðeins í þeim tilgangi að greiða Bretum fyrir aðgengi að lögsögu þeirra, þeir hefði einfaldlega „prentað gjaldmiðilinn“.

Langþráð tímamót



Sautján ára saga okkar í flutningsþjónustu Cargow Thorship einkennist af farsælum vexti og stöðugt sterkari viðskiptasamböndum bæði hérlendis og erlendis. Grunnurinn að áætlunarsiglingum okkar hefur byggst upp í samstarfi og þjónustu við álverin, fyrst í Straumsvík og síðar einnig á Reyðarfirði. Hlutdeild okkar í almennum flutningum fyrir inn- og útflytjendur hefur aukist jafnt og þétt á undanförunum árum. Fyrir það mikla traust sem okkur hefur ávallt verið sýnt í þessari mikilvægu þjónustu erum við afar þakklát.

Í kjölfar aukinna umsvifa hefur þörfin fyrir meira olnbogaráými í starfseminni farið vaxandi. Tími er kominn á „næstu stærð“ og hana höfum við hannað og undirbúið af kostgæfni. Með því að gera Þorlákshöfn að þungamiðju gámaflutninga til og frá Reykjavík og nágrenni er ekki tjaldað til einnar nætur. Stórhöfuðborgarsvæðið þéttist stöðugt, akstursleiðir eru greiðfærar, siglingaleiðin frá Evrópu styttist, hagræðingartækifæri eru margvísleg og svigrúm til áframhaldandi stækkunar óhindrað.

Í samvinnu við sveitarfélagið Ölfus munum við byggja upp fyrsta flokks aðstöðu við höfnina. Áherslan á gæði og öryggi er að sjálfsögðu í öndvegi en hjá okkur kemst ekkert í fyrsta flokk nema ýtrustu kostnaðarhagkvæmni sé einnig gætt - og skilað til viðskiptavina. Í þeim efnum höfum við alla tíð látið verkin tala og munum halda því áfram.

Siglingar eftir nýja leiðakerfinu munu hefjast síðar á árinu en fram að þeim tíma verður þjónusta okkar með óbreyttu sniði. Þar til viðbótar hafa ný og spennandi tækifæri skapast með stofnun eigin fraktflugfélags sem starfrækt verður undir merkjum Odin Cargo. Með daglegu flugi til og frá landinu, auk þess að nýta allt fraktrými í flugvélum Delta og Play, höfum við byggt upp öflugt kerfi bæði á sjó og í lofti. Á landi ráðum við svo yfir eigin akstursþjónustu sem leggur sitt af mörkum til öruggs flutnings alla leið heim á hlað.

Við erum einn af 10 strategískum samstarfsaðilum DSV. Í því er mikil viðurkenning fólgin og ekki síður opnar það okkur kærkomin tækifæri til að gera enn betur. Með tengslunum við DSV fáum við virkan aðgang að yfir 70.000 starfsmönnum hjá u.þ.b. 1.600 flutningamiðstöðvum og þjónustuskrifstofum í ríflega 80 löndum. Stökkbreyting er svo að verða í umfangi DSV um þessar mundir þegar öll starfsemi DB Schenker bætist við. Um leið er stærsta flutningsmiðlun í heimi orðin til.

Í anda DSV leggjum við sama metnað í örugga stórflutninga frá nálægum löndum og smæstu verkefni í fjarlægum heimsálfum. Í báðum tilfellum snúast gæðin um persónulega þjónustu, þekkingu, útsjónarsemi og áreiðanleika. Einmitt það sem stolt góðrar flutningsþjónustu snýst um.

Nýtt nafn og merki fyrir meginhlutann af starfsemi okkar hefur verið kynnt til leiks. Torcargow hefur augljósa skírskotun til eldri nafnanna í hinu sameinaða félagi, Thorship og Cargow. Þrumuguðinn Þór heldur sínum gamla velli í nýju nafni og ef grannt er skoðað má e.t.v. sjá að áhrifa hans gætir mögulega líka í nýju myndmerki félagsins. Þór er sagður sterkastur allra ása og verndari mannkyns. Það er góður félagskapur.

Getum við fengið Donald Trump á okkar band?

Fengi Ísland á sig háa tolla myndi það bæði spilla fyrir sjávarútvegnum og skipaflutninga- og flugfélögunum.

Ásgeir Ingvarsson
ai@mbl.is

Um allan heim er fólk á nálum yfir því að Donald Trump kunni að snarhækka tolla. Stutt er síðan hann hótaði Mexíkó og Kanada nýjum tollum, sem hann fékkst þó til að fresta gegn því að styrkja eftirlitið á landmærum þjóðanna. Tollar á kinnverskar vörur hafa verið hækkaðir og Trump ýjað að því að röðin komi senn að Evrópu.

Gunnar Örlygsson er framkvæmdastjóri IceMar og segir hann ástandið í Washington kalla á að íslensk stjórnvöld sendi þangað



Gunnar Örlygsson

sitt hæfasta samningafólk. Komi til þess að Trump leggi tolla á ESB – en ekki á EES-ríkin – myndi það setja íslenska seljendur í mjög sterka stöðu en verði Ísland líka fyrir barðinu á Trump-tollum myndi íslenskur sjávarútvegur þurfa að aðlagast hratt og væntanlega koma meira af vörum sínum til kaupenda í öðrum löndum.

IceMar var stofnað árið 2003, sinnir einkum Englandsmarkaði og Norður-Amerikumarkaði og selur fyrst og fremst hvít fisk en þó líka eldisfisk í vaxandi mæli. Um 75% af þeim afurðum sem félagið selur eru fryst en 25% fersk og fara þær síðastnefndu allar með flugi inn á Norður-Amerikumarkað. Vinnur IceMar náði með bandaríska móðurfélaginu Woocheen, sem árið 2022 eignaðist 60% hlut í fyrirtækinu og stundar umfangsmikinn rekstur á sviði veiða og vinnslu bæði í Bandaríkjunum og Evrópu.

Fiskurinn sækir á í BNA

„Það jákvæðasta við þróunina á Bandaríkjamarkaði er sú staðreynd



AFP/Oliver Contreras

Donald Trump hefur ýjað að því að leggja háa tolla á Evrópusambandið. Enginn veit hvort uppátækjasamur forseti Bandaríkjanna gerir greinarmun á ESB og EFTA.

að þar er fiskneysla að aukast. Við sjáum það m.a. að lýðheilsa og hollt mataræði er komin á dagskrá í bandarískum stjórnámálum og var mjög áberandi áhersluþáttur hjá repúblikönnum í kosningabaráttunni í fyrra,“ segir Gunnar. „Þetta eru mjög spennandi tíðindi fyrir þjóð eins og Ísland sem framleiðir heilnæmt hágæðaprótein. Þetta er heilmikið sóknarfæri fyrir íslenskan sjávarútveg, enda hefur fiskneysla til þessa verið mun minni í Bandaríkjunum en í Evrópu, en nú gæti það verið að breytast.“

Gunnar Örlygsson segir að ráðamenn í Washington gætu verið mjög móttækilegir fyrir því ef Íslendingar bentu þeim á að íslenskar sjávarafurðir gætu hjálpað til að bæta mataræði bandarísku þjóðarinnar og að allir töpuðu á því ef íslenskur fiskur flæktist í tolladeilar Trumps og ESB. „Núna verða íslenskir embættismenn að vera eins og kamelljón og tryggja að þeir sem nú eru við völd í Bandaríkjunum geri greinarmun á ESB og EFTA. Ef framleiðendur á meginlandinu fá á sig tolla, en við ekki, verður íslenskur sjávarútvegur með pálmann í höndunum þegar kemur að því að útvega bandarískum neytendum sjálfbæran hvít fisk í hæsta gæðaflokki,“ segir hann.

„En komi til þess að Ísland fái á sig tolla er hætt við að það verði okkur blaut tuska í andlitið og myndi þýða að stór hluti þeirrar vöru sem í dag fer til Bandaríkjanna færi í staðinn til kaupenda í Evrópu, Kína og jafnvel Mið-Austurlöndum og myndi þurfa að aðlaga sölu- og flutningsleiðir með hraði. Greinin myndi alveg ráða við það að aðlagast nýjum aðstæðum en áhrifin væru samt ekki jákvæð og myndu ekki bara snerta sjávarútveginn heldur líka félög á borð við Icelandair, Play og Eimskip sem í dag flytja fiskinn vestur um haf.“

Verðum að kenna bandarískum neytendum að elda fisk

Óháð því hvernig tollamálin þróast segir Gunnar að til lengri tíma litíð séu horfurnar góðar á banda-



AFP/Kevin Dietsch

Hinn spengilegi Robert F. Kennedy yngri gæti reynst Íslendingum bandamaður í embætti heilbrigðisráðherra. Kennedy leggur ríka áherslu á að bæta mataræði samlanda sinna og ætti aukin neysla fiskmetis að falla vel að þeirri stefnu.

ríska markaðinum en líka ákveðnar hindranir sem þurfi að yfirstíga. Hann bendir t.d. á að þó að Bandaríkjamenn skorti ekki áhugann á fiskmeti kunni þeir ekki endilega að matreiða fisk og geti ekki alltaf fundið fisk í heppilegum pakkningum úti í næsta stórmarkaði.

„Íslenskur sjávarútvegur er í mjög góðri stöðu til að styrkja stöðu sína vestanhafs og það fellur t.d. mjög vel að vaxandi hlut netverslunar með matvæli hve jöfn gæði íslensks sjávarfangs eru og hægt að tryggja afhendingu 52 vikur á ári. Hjá IceMar höfum við t.d. starfað í áratug með netsölufyrirtækinu FreshDirect í New York og sendum því ferskan flugfisk tvisvar til þrisvar í viku og gengur vel, en til marks um umfangið er verslunin með 800 sendibíla á ferðinni um New York alla daga.“

Merkilegt nokk er Bandaríkjamarkaður skammt á veg kominn hvað snertir framboð af fiski í handhægum og notendavænum umbúðum. „Ég heyrir það á fólk sem starfar hjá stóru matvöruverslanakeðjunum að það er

óánæggt með hversu íhaldssamir birgjar þess eru, en þeir hafa verið tregir til að aðlaga hjá sér vöruframboðið og er áherslan víðast hvar á sölu á heilum fiski í fiskborðum,“ útskýrir Gunnar. „Að þessu leyti eru Bandaríkin 30 árum á eftir Bretlandsmarkaði, þar sem allar matvörubúðir eru með kælisþápa fulla af fiskbitum í „skin pack“-umbúðum. Bandarískir kjötframleiðendur eru löngu búnir að stíga þetta skref og bjóða kjötbitana til sölu í falllegum skin pack-umbúðum en fiskseljendur hafa dregið lappirnar.“

Gunnar ljóstrar því upp að IceMar og Woocheen langi að yfirfæra á Bandaríkjamarkað það sem hefur áunnist í Bretlandi undanfarna áratugi. Yrði þá frosinn íslenskur hágæðafiskur fluttur sjóleiðina til Bandaríkjanna þar sem hann væri afþjódur og sneiddur í bita sem síðan væri pakkað í handhægar neytendaumbúðir. Almennur myndi því ekki þurfa að gera sér ferð í fiskborðið heldur gæti tínt nokkrar pakkningar úr kælihillu, og þegar heim væri komið tæki enga

stund að setja bitana á pönnu og gera kvöldmatinn kláran.

Gunnar bendir á að samhliða þessu þurfi gott markaðs- og fræðslustarf að eiga sér stað. Kenna þurfi bandarískum neytendum hversu auðvelt það getur verið að elda fisk og hve lítið þarf til að galdra fram holla og bragðgóða máltíð. „Við þurfum að hjálpa neytandanum örflítið, og sýna honum að allt sem þarf er góð panna, ólífuolía eða smjörbiti, salt og kannski ögn af sítrónu og þá er maturinn til. Þetta ættu íslenskir og bandarísk stjórnvöld að athuga að sinna í sameiningu, enda fara hagsmunir þjóðanna þarna saman.“

Þorgerður Katrín þarf að sýna frumkvæði

Að færa áhersluna af ferska fiskinum yfir í fisk sem fluttur er til landsins frosinn og því næst fullverkaður eins og Gunnar hefur lýst myndi bæði gera vöruna verðmætari og lækka flutningskostnaðinn. „Við værum að flytja út alveg sama prótein nema að í stað þess að borga 350 kr. fyrir kílóíð með flugi værum við að greiða 50-70 kr. fyrir flutninginn og það gefur auga leið hversu mikill ávinningur það væri að spara 250 kr. flutningskostnað á hvert kíló.“

Trump hefur sýnt það að hann skortir ekki samningsviljann þó svo að hann beiti óhæfðbundnum aðferðum á vinabjóðir Bandaríkjanna til að fá sínu framgengt. Gunnar segir að fiskurinn og heilsugildið sé eitt af þeim spilum sem íslensk stjórnvöld gætu lagt á borðið. „Það vona ég að Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir velji sitt hæfasta fólk og helst að íslenskir ráðamenn sýni núna frumkvæði og freisti þess að ræða við jafningja sína í Bandaríkjustjórn, og leggi bæði áherslu á fiskinn okkar og auðvitað líka þá staðreynd að staðsetning Íslands í Norður-Atlantshafi er mikilvæg fyrir varnir Bandaríkjanna. Held ég að við séum í dauðafæri, og ef við spilum rétt gæti okkur tekist að fá Bandaríkjamenn með okkur í ákveðna vegferð sem allir munu græða á.“

VOGIR

ELTAK sérhæfir sig í sölu og þjónustu á vogum



Þjóðum MESTA úrval á Íslandi af smáum og stórum vogum



Hlíðasmára 14 | S: 588 2122
www.eltak.is



**Við erum stolt að stuðla að
verðmætasköpun í
íslenskum sjávarútvegi**



HVALUR



Fannst hún strax verða hluti af samfélaginu

Nýjasti stjórnandinn hjá Arctic Fish kom fyrst til landsins sem au pair, fyrir hálfgerða tilviljun. Magdalena Tatala er afskaplega ánægð á Þingeyri.

Ásgeir Ingvarsson
ai@mbl.is

Vafalítið munu lesendur hafa gaman af að heyra sögu Magdalenu Tatala, en 200 mílur greindu frá því í janúar að hún hefði tekið við stöðu forstöðumanns fódurmiðstöðvar Arctic Fish á Vestfjörðum.

Magdalena fæddist í Póllandi en hefur komið sér vel fyrir á Íslandi og fjölskylda hennar notið góðs af þeim mikla vexti sem hefur verið í íslensku fiskeldi, en heimilis-meðlimir una sér afskaplega vel á Þingeyri og framtíðin virðist björt.

„Ég kom fyrst til Íslands árið 2016 og var þá 18 ára gömul. Ég vissi afskaplega lítið um Ísland og hafði ekki einu sinni hugmynd um hvað dagarnir geta verið stuttir á veturna og langir á sumrin á svona norðlægum slóðum. Þetta réðst af hálfgerðri tilviljun, en mér stóð til boða að starfa sem au pair í tvo mánuði hjá fjölskyldu á Akureyri,“ segir Magdalena söguna.

„Það stóð aldrei til að flengjast heldur langaði mig bara að upplifa nýja menningu og snúa svo aftur heim til Póllands að ljúka námi en þá gerðist það að mér bauðst vinna hjá fiskvinnslu á Þingeyri og eitt leiddi af öðru.“

Ástin lék stórt hlutverk í að Magdalena skaut rötum á Íslandi, en á Vestfjörðum fann hún eiginmann sinn, sem einnig er af pólskum uppruna og starfaði í sjávarútveginum. „Ég get ekki neitað því að fyrstu árin vakti það fyrir mér að snúa aftur til Póllands og lífið gat verið krefjandi en það hjálpaði mikið hve hlýjar móttökurnar voru á Þingeyri og upplifði ég mig þar ekki sem aðkomumanneskju og innflytjanda heldur sem hluta af góðu samfélagi. Auðveldaði það mér líka að festa hér



Ljósmynd/Roksana Szerlowska

Magdalena segir að staðan væri allt önnur ef ekki væri fyrir fiskeldið.

rætur að í fiskvinnslunni var ekki gerð krafa um að tala ensku, svo að ég gat haft einhverjar tekjur strax í upphafi.“

Fiskvinnslustörfin höfðu samt ekki sterkt til Magdalenu og skipti hún því um starfsvettvang og réði sig til starfa á leikskóla og hjá sundlauginni á staðnum, og segir hún hlæjandi frá því þegar hún sat atvinnuviðtalið hjá sundlauginni og gat ekkert skilið en svaraði einfaldlega „já“ við því sem var sagt og hreppti starfið.

Ekki leið á löngu þar til barn kom í myndina. Magdalena var tvítug þegar hún eignaðist sitt fyrsta barn og bættist annað við þremur árum síðar. „Það var þröngt í búi hjá okkur enda launin ekki há hjá sund-

lauginni og leikskólanum, en saman höfðum við efni á að leigja litla íbúð þar sem við gátum alið börnin okkar upp. Ég sá samt að ég þyrfti að breyta um stefnu og leggja drög að betri framtíð.“

Smitaðist af áhuganum

Stóra breytingin kom árið 2023 þegar Magdalena fékk starf við fódurmiðstöðvar Arctic Fish, en maðurinn hennar hafði þegar gengið til liðs við fyrirtækið og hvatti Magdalenu til að skoða möguleikana þar. „Ég vissi ekki neitt um fiskeldi en hann vildi endilega að ég prófaði, og var ég að lokum boðuð í viðtal,“ segir Magdalena söguna. „Þar ræddi ég í góðar 40 mínútur við Helga Snæ Ragnarsson, sem þá var forstöðu-



Í fiskeldisnáminu hjá Háskólanum á Hólum fá nemendur vandaðan undirbúning.

maður fódurmiðstöðvarinnar, og talaði hann af svo mikilli ástríðu um fiskeldið að ég gat ekki annað en smitast af áhuganum.“

Magdalena kunnir strax vel við sig á nýja staðnum og ekki skemmdi fyrir að hún hækkaði í launum, en það varð líka ljóst að í fiskeldinu biðu hennar dýrmæt vaxtartækifæri. Í Póllandi hafði Magdalena lokið ígildi stúdentsprófs en hún þurfti að bæta við sig menntun á Íslandi til að geta hafið nám á háskólastigi. Fyrst skráði hún sig í fiskeldisdeild Fisktækniskólans, og hjá Menntaskólanum á Ísafirði fékk hún nokkrar viðbótareiningar til að ná upp í íslenska stúdentsprófið. Þá tók við fjarnám hjá Hólaháskóla, þar sem rekin er öflug fiskeldisfræðideild.

„Ég gæti ekki lofað námið á Hólum nógsamlega, og hefur reynsla mín þar verið afskaplega góð. Námið blandar saman fjarnámi og vettvangskennslu og hefur verið einkar ánægjulegt að fara með samnemendum mínum í heimsóknir til eldisfyrirtækja hér og þar um landið,“ segir hún.

Starf forstöðumanns fódurmiðstöðvar er mikið ábyrgðarhlutverk og þó að fódurinn sé fjarstýrt frá landi í gegnum sjálfvirkna búnað kallar starfið á töluverða þekkingu og ákveðna næmni fyrir þörfum fisksins. „Það þarf að vakta kvíarnar mjög vandlega, fylgjast með ástandi fisksins og vitaskuld tryggja að fiskeldisstöðvunum berist á réttum tíma öll þau aðföng sem þær þurfa, og er skipulagsvinnan því töluverð.“

Ekki er sama hvernig fiskurinn er fóðraður og þarf að tryggja að fóðrið nýtist vel. Magdalena segir að hegðun fisksins geti verið mjög breytileg eftir kvíum og t.d. sé ekki hægt að dreifa fóðri í öllum kvíum á sama tíma dagsins. „Fiskurinn í einni kvínni gæti verið hrifnari af því að fá fóðrið síðdegis en fiskurinn í annarri kví nýtir fóðrið betur ef því er dreift snemma morguns. Maður sér það fljótt í þessu starfi að laxinn getur verið nokkuð snjall fiskur og þykir honum gott að hafa ákveðna reglu á hlutunum.“

Komin í stórt og fallegt hús

Litla fjölskyldan á Þingeyri er ósköp ánægð með hlutskipti sitt í dag. Magdalena segir að þökk sé fiskeldinu hafi tekjur heimilisins batnað til muna og börnin þrífist afskaplega vel. „Á þeim launum sem ég var með áður hefðum við aldrei getað látið verða af því að kaupa okkur stórt og fallegt hús þar sem fer mun betur um okkur en í leigubúðinni þar sem við bjuggum áður. Staðan væri allt önnur ef ekki væri fyrir Arctic Fish og myndi það þá eiga við um okkur og marga aðra sem búa hér á svæðinu að það væri einfaldlega engin góð störf að fá.“

Þó svo að Magdalena rækti enn tengslin við Pólland segir hún núna ljóst að hún sé ekki á förum frá Íslandi í brád. „Við höfum verið hér svo lengi og finnum hvað tengslin eru orðin sterk. Svo er þetta líka afskaplega góður staður til að ala upp börn og hugsa ég að það sé algjört lán fyrir börnin að fá að vaxa hér úr grasi. Hér finnst okkur við eiga heima.“

Dualit.



Þetta er ekki brauðrist

Þetta er 4 sneiða Dualit Classic.

Miklu meira en bara brauðrist. Hjá Expert færðu stílhrein og endingargóð smáraftæki fyrir eldhús í miklu úrvali.

EXPERT
VINNUM MEÐ ÞEIM BESTU

Höfðabakki 7, 110 Reykjavík | expert.is

VOGIR

ELTAK sérhæfir sig í sölu og þjónustu á vogum



Þjóðum MESTA úrval á Íslandi af smáum og stórum vogum

ELTAK EMF
-vogir eru okkar fag

Hlíðasmára 14 | S: 588 2122
www.eltak.is



**Við erum stolt að stuðla að
verðmætasköpun í
íslenskum sjávarútvegi**



Síldarvinnslan hf

NAUTIC




200
MÍLUR



**ÚTGERÐARFÉLAG
REYKJAVÍKUR HF.**

Nafn Þjóðverja á gjöfum fiskimiðum Íslendinga

Dohrnbankinn er ósjaldan nefndur í fréttum af veiðum íslenskra fiskiskipa sem og erlendra, sérstaklega grænlandsra. Er þar vísað til fiskimiða á mörkum lögsögu Íslands og Grænlands. En hvaðan kemur þetta nafn, Dohrn, og hvað hefur það með þennan banka að gera?

Gunnlaugur Snær Ólafsson
gso@mbl.is

Banki, sem er í raun bara annað heiti yfir grunn, er skilgreindur sem neðansjávarhæð eða hafsvæði sem er grunnt miðað við sjávarbotninn í kring. Myndast á slíkum svæðum oft uppstreymi næringarefna sem skapa grundvöll fyrir fjölbreytt lífríki og kjöraðstæður fyrir fiska. Frægustu bankarnir eru eflaust Doggerbanki í Norðursjó og Mikli-banki við Nýfundnaland, en staða fiskistofna á þessum svæðum er þó ekki sérlega góð sökum ofveiði.

Við Dohrnbanka er, eins og við marga banka, að finna einstaklega gjöful fiskimið og sækja þangað skip meðal annars vænan þorsk í stórum stíl. Fiskimiðin voru hins vegar ekki uppgötvuð fyrr en 1955 í leiðangri vesturþýska rannsóknarskipisins Anton Dohrn. Skipið á sér merka sögu og átti um árabíl tíða viðkomu á Íslandsmiðum og í íslenskum höfnum.

Saga skipisins er rakin á sérstökum vef sem tileinkaður er rannsóknaskipinu (anton-dohrn.de) og er þar að finna aragrúa af upplýsingum svo sem afrit af dagbókum rannsóknastjóra.

Mikil fjárfesting

Árið 1952 – sjö árum eftir lok seinni heimsstyrjaldar – ákvað matvæla-, landbúnaðar- og



Ljósmynd/Thünen-Institut: B. Ulrich

Það hafa engin vettlingatök dugað um borð í rannsóknaskipinu Anton Dohrn. Skipið var smíðað sem síðutogari.



Ljósmynd/Thünen-Institut: R. Hollnagel

Anton Dohrn var eflaust tæknivæddasta hafrannsóknaskip síns tíma.

skóglenduráðuneyti Vestur-Þýskalands að fjármagna smíði hafrannsóknaskips og kaup á öllum tilheyrandi rannsóknabúnaði. Hófst þá umfangsmikið skipulags- og hönnunarferli og að því loknu var smíðin boðin út. Að loknu útboðsferli varð Mützelfeldt-skipasmíðastöðin í Cuxhaven fyrir valinu og hófst smíði í byrjun maí 1953. Um var að ræða sérlega framsækið verkefni en mikill efnahagsvöxtur einkenni þessi ár í Vestur-Þýskalandi enda var það á þessum árum sem hið mikla Wirtschaftswunder (efnahagsundur) var að hefjast.

Skipið fékk nafn sitt 16. ágúst 1954 og var sjósett sama dag. Sem fyrr

segir fékk skipið nafnið Anton Dohrn og var það í höfuðið á samnefndum líffræðingi sem opnaði fyrstu hafrannsóknastöð í heimi í Napólí 1872. Barnabarn Antons Dohrns, dr. Antonie Dohrn, skírði skipið.

Anton Dohrn fékkst síðan formlega afhentur við hátíðlega athöfn 10. febrúar 1955, eða fyrir nákvæmlega sjö áratugum á mánudag. Fyrir hönd Sambandslýðveldisins Þýskalands (Vestur-Þýskalands) tók Theodor Heuss forseti við skipinu. Sá var fyrsti forseti Vestur-Þýskalands og gegndi embætti til síns 1959. Minnugir muna eflaust að hinn merki maður Konrad Adenauer var kanslari á þessum árum.

Hið þá glænýja hafrannsóknaskip Vestur-Þjóðverja var 999 brúttótonn og smíðað sem síðutogari, en um var að ræða fyrsta tveggja þilfara síðutogarann á heimsvísu. Í áhöfninni voru alls 30, þar af voru 15 sem sinntu vísindamönnum auk þess sem um borð voru skipslæknir, veðurfræðingur og veðurathugunarmaður.

Vel búið

Anton Dohrn var líklega eitt fullkomnasta rannsóknaskip síns tíma og var meðal annars um borð einstaklega rúmgott vinnsludekk sem gaf færi á að setja upp fjölbreyttar fiskvinnsluvélar til prófana. Gat lestin geymt um þúsund



„Þorskastríðið var erfiður tími“

— segir skipstjórnin á Meerkatze sem nú hefur kvatt Íslandsmið fyrir fullt og allt

Morgunblaðið greindi frá brottför Meerkatze í júlí 1977.

Íslandsmið hátíðlega kvödd

Greint var frá því í Morgunblaðinu í júlí 1977 að Meerkatze (áður Anton Dohrn) hefði í tilefni af síðustu ferð sinni frá Íslandi boðið merkum gestum um borð. Mættu skipherrar Landhelgisgæslunnar og forstjóri hennar sem og yfirhafnsögumaður Reykjavíkurhafnar.

„Ég hef alla tíð kunnað vel við mig á Íslandsmiðum, nema hvað í þorskastríðinu leið mér aldrei vel og þá gátum við aldrei leitað hafnar, það var erfiður tími. Hins vegar held ég að lífið hafi þá verið miklu erfiðara hjá fiskimönnum. Þá – og nú segi ég sem betur fer – var okkur fyrirskipað af þýskum stjórnvöldum að aðstoða ekki togarana þegar íslensku varðskipin voru að ergja þá.“ var haft eftir Harald Paetow skipstjóra Meerkatze við tilefnið.

kör af fiski, en 18 rúmmetra frystigeymsla var um borð og gat hún kælt alveg niður í -25°C.

Eins og lesendur hafa kannski áttað sig á snerust hafrannsóknir á þessum tíma jafn mikið um rannsóknir á fiskveiðum og rannsókn-um á hafinu sjálfu og lífríki þess. Vistkerfisnálgun og sjálfbær nýting auðlinda hafsins var jú ekki komin á það stig sem við þekkjum í dag. Tilgangur hafrannsóknaskipsins var því ekki síður að finna gjöful mið fyrir þýska fiskiskipaflotann en að rannsaka lífríki sjávar.

Um borð voru einnig ýmiss konar rannsóknastofur, þar á meðal sjóskrárherbergi, hafrannsóknarstofa, líffræðirannsóknastofa, fiskirannsóknastofa, sýklarannsóknastofa, rannsóknarstofa fyrir veiðarfæri, bergmálmælingastofa, myrkraherbergi, sædýrageymsla með fiskabúrum og vatnsmælingarás sem lá lóðrétt í gegnum skipið, en efri endi þess var í vélarrúmi fyrir vindur skipisins.

28 sinnum umhverfis hnöttinn

Anton Dohrn hélt í 164 rannsóknaleiðangra og var alls 3.727 daga á sjó. Í 8.157 skipti voru sýni sótt með trolli og 7.777 sinnum með nót. Á þeim tíma sem Anton Dohrn sinnti hafrannsóknunum sigldi skipið meira en 600 þúsund sjómílur, rúmlega 1.110 þúsund kílómetra. Það er ígildi tæplega 28 ferða umhverfis jörðina.

Skipið er frægt fyrir tvær sérstakar uppgötvunir. Fyrst og fremst uppgötvun fyrrnefndra fiskimiða milli Íslands og Grænlands, sem fékk nafnið Dohrnbanki, árið 1955 og síðan uppgötvun neðansjávarfjallsins Anton Dohrn út af Suður-eyjum (e. Hebrides) við Skotland. Eftir 17 ár í þjónustu Vestur-Þýskalands sem hafrannsóknaskip var skipinu lagt sumarið 1972. Í desember það ár gekk það þó í endurnýjun lífdaganna sem eftirlitsskip með nafnið Meerkatze og sinnti slíku eftirlitsstarfi næstu árin, að mestu við Íslandstrendur. 1986 var skipið síðan selt í brota-járn.

VOGIR

ELTAK sérhæfir sig í sölu og þjónustu á vogum



Þjóðum **MESTA** úrval á Íslandi af smáum og stórum vogum



Hlíðasmára 14 | S: 588 2122
www.eltak.is



Þúsund þættir

og við erum hvergi nærri hætt.

Áskrifendur Morgunblaðsins hafa aðgang að 1000 fjölbreyttum þáttum Dagmála, þegar þeim hentar.

Áhugaverðir og hnitmiðaðir viðtalsþættir þar sem varpað er ljósi á það sem máli skiptir í íslensku samfélagi hverju sinni.

Tryggðu þér áskrift á mbl.is/askrift eða í síma 569-1100.

Dagmál

Morgunblaðið

Öruggt samband til sjós og lands

Síminn sérsníður þjónustu sína að þörfum þíns fyrirtækis, hvort sem það er stórt eða smátt. Við sjáum um fjarskiptin og þú heldur áfram að sinna mikilvægri verðmætasköpun.



 Síminn

Skannaðu til
að skoða nánar

